



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

# Upplýsingar

fyrir fanga við innkomu í fangelsi

# Efnisyfirlit

Til upplýsinga fyrir fanga við innkomu í fangelsi .....	5
Lög um fullnustu refsinga.....	9
LÖG um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 (samfélagsþjónusta og reynslulausn).....	37
Reglugerð um fullnustu refsinga .....	38
Reglugerð um afplánun sakhæfra barna .....	44
Húsreglur í Fangelsinu Hólmsheiði .....	48
Reglur fangelsa .....	53
Reglugerð um þóknun fyrir vinnu og nám og dagpeninga til fanga.....	56
Reglur um heimsóknir í fangelsi.....	57
Reglur um fyrirkomulag og notkun nettengdra tölva og síma í lokuðum fangelsum.....	61
Reglur um vistun í opnum fangelsum.....	63
Reglur um fyrirkomulag og notkun farsíma, nettengdra tækja og rafrænna geymslumiðla í opnum fangelsum.....	64
Reglur um afplánun á Áfangenheimili Verndar .....	66
Reglur um afplánun undir rafrænu eftirliti .....	69

# Til upplýsinga fyrir fanga við innkomu í fangelsi

- Samantekt á helstu réttindum og skyldum -

## *Um afplánun*

- Um afplánun gilda lög nr. 15/2016 um fullnustu refsinga og reglugerðir settar samkvæmt þeim, fangelsisreglur sem og húsreglur í hverju fangelsi fyrir sig. Reglurnar eru aðgengilegar í öllum fangelsum og eru fangar hvattir til að kynna sér þær.

## *Skylda til að hlýða fyrirmælum starfsfólks (Lög nr. 15/2016 – 57. gr.)*

- Fanga er skylt að hlýða fyrirmælum sem starfsfólk fangelsisins gefur. Fanga er óheimilt að hindra fangaverði eða aðra starfsmenn í að gegna skyldustörfum sínum.

## *Samband við aðstandendur og lögmann (Lög nr. 15/2016 – 23. gr.)*

- Fanga er heimilt að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og auðið er.

## *Áhættu- og þarfamat*

- Við upphaf afplánunar er gert áhættu- og þarfamat á fongum sem afplána refsingu fyrir kynferðisbrot gegn börnum, manndráp og alvarleg ofbeldisbrot. Sama getur átt við ef fangi hefur sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun.

## *Ákvörðun um vistunarstað (Lög nr. 15/2016 – 18. og 21. gr.)*

- Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal tekið tillit til aldurs, kynferðis og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.
- Fangelsi skiptast í opin og lokuð fangelsi. Hægt er að sækja um vistun í opnu fangelsi á sérstöku umsóknareyðublaði sem fá má hjá fangavörðum. Verklagsreglur um slíka vistun eru í inkomubæklingi.

## *Reykingar*

- Reykingar eru bannaðar innanhúss í öllum fangelsum.
- Forstöðumaður getur leyft fongum að reykja á eigin klefa fyrir luktum dyrum.

## *Vinna í fangelsi (Lög nr. 15/2016 – 25. gr.)*

- Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi. Nánari upplýsingar um vinnu veita starfsmenn fangelsa.

## *Nám og starfsþjálfun (Lög nr. 15/2016 – 26. gr.)*

- Fangi skal eiga kost á að stunda nám, þ.m.t. fjarnám og starfsþjálfun. Nánari upplýsingar veita starfsmenn fangelsa.

*Bóknun og dagpeningar*  
(Lög nr. 15/2016 – 27. gr.)

- Fanga skal greidd bóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið.

*Agabrot og agaviðurlög*  
(Lög nr. 15/2016 – 73.–74. gr.)

- Forstöðumaður getur beitt fanga agaviðurlögum samkvæmt 73. gr. laga um fullnustu refsinga vegna brota á lögnum, reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur fanga.

*Vistun á öryggisdeild*  
(Lög nr. 15/2016 – 18. og 21. gr.)

- Heimilt er að hafa fangelsi deildaskipt og er sérstök öryggisdeild í Fangelsinu Litla-Hrauni.
- Forstöðumaður fangelsis getur í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að vista fanga á öryggisdeild ef hann hefur gerst sekur um alvarleg eða ítrekuð agabrot, er talinn stefna öryggi fangelsisins í hættu eða getur ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar.

*Heimsóknir*  
(Lög nr. 15/2016 – 45.–48. gr.)

- Fangi getur fengið heimsóknir. Í upphafi afplánunar fær fangi afhent eyðublað þar sem hann getur skráð þá sem hann óskar eftir að fá í heimsókn. Þar skal koma fram nafn heimsóknargests, kennitala hans og tengsl við fanga.
- Heimsókn barns til fanga skal ávallt fara fram í fylgd forsjármanna eða annarra aðstandenda. Áður en barn kemur í heimsókn í fangelsi skal ávallt liggja fyrir forsjárvottorð frá Þjóðskrá Íslands. Sími Þjóðskrár er 515-5300 en athygli er vakin á því að nokkra daga getur tekið að fá slíkt vottorð afgreitt.

*Skammtímaleyfi*  
(Lög nr. 15/2016 – 61. gr.)

- Heimilt er að veita fanga skammtímaleyfi til að heimsækja alvarlega sjúkan náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga, vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja, fæðingu, skírni eða fermingu barns síns eða til að gæta sérstaklega brýnna persónulegra hagsmuna sinna.

*Erlendir fangar*  
(Lög nr. 15/2016 – 54. gr.)

- Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.
- Ef fangi er ríkisfangslaus eða flóttamaður aðstoðar fangelsi hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.
- Erlendur fangi á rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.
- Heimilt er að veita erlendum fanga reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef fyrir liggur ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun úr landi.
- Erlendur fangi getur sótt um að afplána refsingu í heimalandi sínu, enda sé samningur þess efnis við heimaland viðkomandi fanga. Nánari upplýsingar veita starfsmenn fangelsa.

*Lögun trúar eða siðar  
(Lög nr. 15/2016 – 55. gr.)*

- Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fultrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags.
- Gera skal fanga kleift að iðka trú sína eða sið og taka tillit til matarvenja og bænátíma í starfi og námi fanga eins og unnt er.

*Dagsleyfi og fjölskylduleyfi  
(Lög nr. 15/2016 – 59.–60. gr.)*

- Heimilt er að veita langtímafanga reglubundin dagsleyfi. Slíkt leyfi kemur fyrst til skoðunar þegar fangi hefur samfellt afplánað þriðjung refsitímans í fangelsi, þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfellt í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsitímans sé ekki liðinn.
- Nú hefur fanga verið veitt dagsleyfi á samfelldu tveggja ára tímabili og hann staðist skilyrði þeirra og er þá heimilt að veita honum allt að 48 klukkustunda fjölskylduleyfi ef slíkt telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun.
- Fangi skal að jafnaði sækja um dags- og fjölskylduleyfi fjórum vikum áður en leyfið kemur fyrst til skoðunar. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá fangavörðum.
- Við ákvörðun um dags- og fjölskylduleyfi skal m.a. taka tillit til þess hvort fangi hafi notfært sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi. Ef fangelsisyfirvöld telja nauðsynlegt að fangi sæti meðferð sálfræðinga, félagsráðgjafa eða annarra sérfræðinga fangelsanna, t.d. með hliðsjón af eðli brots hans eða hegðun hans í afplánun en hann nýtir sér ekki slíka þjónustu getur það leitt til þess að beiðni um dagsleyfi verði synjað.

*Nám, vinna, starfsþjálfun eða verkmenntun utan fangelsis  
(Lög nr. 15/2016 – 62.–63. gr.)*

- Heimilt er að veita langtímafanga leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, vinnu, starfsþjálfun eða verkmenntun í allt að 12 mánuði í lok afplánunar í fangelsi ef það telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Slíkt leyfi er ekki veitt fyrr en fangi hefur verið samfellt í fimm ár í fangelsi.

*Fullnusta utan fangelsa  
(Lög nr. 15/2016 – 31. gr.)*

- Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að afplána hluta refsingar utan fangelsis á Áfangaheimili Verndar eða öðru sambærilegu heimili enda stundi hann vinnu eða nám sem fangelsismálastofnun hefur samþykkt.
- Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum. Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar. Reglurnar má finna í innkomubæklingi. Mikilvægt er að fangi sækji tímanlega um dvöl á Vernd svo að ákvörðun liggja fyrir á réttum tíma. Umsóknareyðublað um afplánun á Vernd er hægt að fá hjá fangavörðum.

*Vistun á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun  
(Lög nr. 15/2016 – 22. gr.)*

- Fangelsismálastofnun getur leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.
- Hægt er að sækja um afplánun í meðferð á sértöku umsóknareyðublaði sem fá má hjá fangavörðum.

*Rafrænt eftirlit  
(Lög nr. 15/2016 – 32.–34. gr.)*

- Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis undir rafrænu eftirliti.

- Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er afplánun undir rafrænu eftirliti 60 dagar sem lengist um 5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og verður að hámarki 360 dagar.
- Eitt þeirra skilyrða sem eru fyrir því að rafrænt eftirlit komi til greina er að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 31. gr. með fullnægjandi hætti, s.s. með afplánun á Áfangaheimili Verndar. Fangi sem hefur verið metinn hæfur til að vistast á Vernd en getur það ekki af ástæðum sem eru ekki af hans völdum getur þó fengið að afplána undir rafrænu eftirliti að öllum öðrum skilyrðum uppfylltum.
- Um afplánun undir rafrænu eftirliti gilda reglur um rafrænt eftirlit sem finna má í innkomubæklingi.
- Mikilvægt er að fangi sækji tímanlega um afplánun undir rafrænu eftirliti svo að ákvörðun liggi fyrir á réttum tíma. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá fangavörðum.

#### *Reynslulausn*

*(Lög nr. 15/2016 – 80.–82. gr.)*

- Heimilt er að veita fanga reynslulausn þegar liðinn er helmingur eða 2/3 hlutar refsitímans.
- Heimilt er að veita fanga reynslulausn þegar 1/3 hluti refsitímans er liðinn enda hafi hann verið 21 árs eða yngri þegar hann framdi afbrot það sem hann situr í fangelsi fyrir, hegðun hans og framkoma verið með ágætum og hann þegið viðeigandi meðferð í afplánun og tekist á við vímuefnavanda sinn, hafi hann verið til staðar.
- Heimilt er að veita erlendum fanga reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans ef fyrir liggur ákvörðun Útlendingastofnunar um brottvísun úr landi.
- Mikilvægt er að sækja tímanlega um reynslulausn svo að ákvörðun liggi fyrir á réttum tíma. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá fangavörðum.

#### *Kæruleiðir*

*(Lög nr. 15/2016 – 95. gr.)*

- Hægt er að kæra ákvarðanir forstöðumanna fangelsa og Fangelsismálastofnunar til dómsmálaráðuneytisins sem er til húsa að Sölvhólgötu 7, 101 Reykjavík. Síminn er 545-9000 og netfangið er [dmr@dmr.is](mailto:dmr@dmr.is)

#### *Umboðsmaður Alþingis*

*(Lög nr. 15/2016 – 23.gr.)*

- Fanga er heimilt að beina kvörtunum til umboðsmanns Alþingis. Hann er til húsa í Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík. Síminn er 510-6700 og netfangið er [postur@umb.althingi.is](mailto:postur@umb.althingi.is)



# Lög um fullnustu refsinga

2016 nr. 15 23. mars

*Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.*

Tóku gildi 31. mars 2016. Breytt með: [L. 117/2016](#) (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016). [L. 17/2018](#) (tóku gildi 13. apríl 2018). [L. 90/2018](#) (tóku gildi 15. júlí 2018; *EES-samningurinn*: XI. viðauki reglugerð [2016/679](#)). [L. 71/2019](#) (tóku gildi 5. júlí 2019). [L. 75/2019](#) (tóku gildi 5. júlí 2019). [L. 80/2019](#) (tóku gildi 6. júlí 2019). [L. 98/2021](#) (tóku gildi 10. júlí 2021). [L. 107/2021](#) (tóku gildi 1. jan. 2022; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 43. gr.). [L. 61/2022](#) (tóku gildi 13. júlí 2022; sbr. þó 2. og 3. mgr. 29. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna [hér](#).

## I. kafli. Markmið, skilgreiningar og gildissvið.

### ■ 1. gr. *Markmið.*

- Markmið laga þessara er að fullnusta refsinga fari fram með öruggum og skilvirkum hætti og að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk.
- Markmið laga þessara er jafnframt að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að farsælli betrun og aðlögun dómþola að samfélaginu.

### ■ 2. gr. *Skilgreiningar.*

- Í lögum þessum, reglugerðum og reglum sem settar eru með stoð í þeim er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afplánun*: Vistun í fangelsi eða utan fangelsa vegna afplánunar óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða vararefsingar fésekta.
2. *Afplánunartími*: Sá tími sem fangi afplánar refsingu.
3. *Agabrot*: Brot á lögum þessum, reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur fanga.
4. *Agaviðurlög*: Viðurlög við agabrotum fanga.
5. *Barnaverndaryfirvöld*: Það ráðuneyti sem fer með barnaverndarmálefni hverju sinni og undirstofnanir þess.
6. *Betrun*: Það sem miðar að því að gera fanga kleift að auka færni sína og lífsgæði og sporna við frekari brotastarfsemi og endurkomu í fangelsi.
7. *Fangelsi*: Stofnun þar sem vistaðir eru þeir sem afplána refsingar eða sæta gæsluvarðhaldi. Fangelsi skiptast annars vegar í opin fangelsi og hins vegar lokuð fangelsi með misháu öryggisstigi.
8. *Fangelsisár*: 360 dagar.
9. *Fangelsismánuður*: 30 dagar.
10. *Fangelsisrefsing*: Önnur af tveimur tegundum refsinga.
11. *Fangi*: Maður sem afplánar fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésektar eða sætir gæsluvarðhaldi.

12. *Fésekt*: Önnur af tveimur tegundum refsinga.
13. *Fullnusta refsingar*: Framkvæmd refsingar.
14. *Heilbrigðisþjónusta*: Hvers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkraþjónusta, sjúkraflutningar, hjálpartækjaþjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.
15. *Náðun*: Eftirgjöf refsingar að nokkru eða öllu leyti.
16. *Rafrænt eftirlit*: Afplánun dómþola utan fangelsis þar sem hann hefur á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.
17. *Refsitími*: Tímalengd fangelsisrefsingar eða vararefsingar.
18. *Reynslulausn*: Skilorðsbundin eftirgjöf hluta refsingar.
19. *Reynslutími*: Sá tími sem reynslulausn varir.
20. *Sakarkostnaður*: Sá kostnaður sem telst til óhjákvæmilegra útgjalda við meðferð sakamáls samkvæmt [lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008](#), og sakfelldum einstaklingi eða lögaðila er gert að greiða.
21. *Samfélagsþjónusta*: Afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar eða vararefsingar með skyldubundnu ólaunuðu starfi í þágu samfélagsins sem dómþoli sinnir utan fangelsis.
22. *Vararefsing*: Refsing sem kemur til fullnustu greiði dómþoli ekki fésekt.

■ **3. gr. Gildissvið.**

- Lög þessi gilda um fullnustu refsinga, eftirlit með skilorðsbundnum refsingum, náðun og frestun ákæru, innheimtu sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku. Þá gilda löginn einnig um gæsluvarðhald eftir því sem við á og stjórnslu fangelsismála.

**II. kafli. Stjórnslu.**

■ **4. gr. Yfirstjórn fangelsismála.**

- Ráðherra fer með yfirstjórn fangelsismála.

■ **5. gr. Hlutverk Fangelsismálastofnunar.**

- Fangelsismálastofnun sér um fullnustu refsinga og önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Fangelsismálastofnun er heimilt, með samningi, að fela öðrum verkefni, svo sem að hafa eftirlit með þeim sem afplána með samfélagsþjónustu og undir rafrænu eftirliti.
- Fangelsismálastofnun hefur umsjón með rekstri fangelsa.

■ **6. gr. Forstjóri Fangelsismálastofnunar.**

- Ráðherra skipar forstjóra Fangelsismálastofnunar til fimm ára í senn. Forstjóri skal vera lögfræðingur. Forstjóri ræður aðra starfsmenn stofnunarinnar.

■ **7. gr. Forstöðumaður fangelsis.**

- Forstjóri Fangelsismálastofnunar skipar forstöðumann fangelsis til fimm ára í senn. Forstöðumaður fangelsis skal vera með háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Heimilt er að fleiri en eitt fangelsi heyri undir sama forstöðumann.

■ **8. gr. Fangaverðir og starfsmenn fangelsa.**

- Forstjóri Fangelsismálastofnunar skipar fangaverði til fimm ára í senn. Áður en fangaverður er skipaður skal hann hafa lokið námi í fangavarðfræðum. Leggja má að jöfnu sambærilegt nám sem viðurkennt er af Fangelsismálastofnun að fenginni umsögn stjórnar Fangavarðafélags Íslands. Forstöðumaður fangelsis ræður aðra starfsmenn.



- Heimilt er að ráða fangavörð tímabundið til afleysinga, enda hafi hann setið undirbúningsnámskeið í fangavörslu og staðist bakgrunnsskoðun.
- Fangaverðir mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.
- Ríkissjóður skal bæta fangavörðum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.
- Við störf sín skulu fangaverðir bera einkennisfatnað og skilríki samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur. Forstjóri Fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa skulu hafa tiltækan einkennisfatnað.
- **9. gr. Fangavarðanám.**
- Fangelsismálastofnun skal sjá til þess að fangaverðir hljóti viðhlítandi menntun og þjálfun í fangavarðafræðum þegar þörf er á.
- Fangelsismálastofnun er heimilt að semja við menntastofnun um að annast menntun fangavarða en skal eftir sem áður hafa umsjón og eftirlit með náminu.
- Ráðherra setur nánari reglur um nám fangavarða í reglugerð.
- **10. gr. Bakgrunnsskoðun.**
- Áður en aðili er skipaður, settur eða ráðinn til starfa hjá Fangelsismálastofnun eða í fangelsum ríkisins skal hann, að fengnu samþykki hans, undirgangast athugun, sem felst í öflun upplýsinga úr skrá og upplýsingakerfum sem getið er í 2. mgr., sem lið í mati á því hvort óhætt sé að veita viðkomandi aðgang að fangelsum ríkisins og aðgengi að upplýsingum um framkvæmd fangelsisstarfa og um fanga. Afla skal upplýsinga fimm ár aftur í tímann. Samþykki umsækjanda skal ritað á eyðublað sem Fangelsismálastofnun ákveður. Endurtaka skal athugunina með reglulegu millibili og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti. Aldrei má þó ganga lengra við könnun á bakgrunni og sakaferli en þörf er á hverju sinni.
- Samþykki aðila skv. 1. mgr. veitir Fangelsismálastofnun heimild, eftir atvikum með aðstoð ríkislögreglustjóra, til að afla upplýsinga um viðkomandi úr:
  - a. skrá lögreglu, þ.m.t. málaskrá lögreglu,
  - b. sakaskrá til yfirvalda,
  - c. upplýsingakerfi Alþjóðalögreglunnar eða annarra erlendra yfirvalda og
  - d. upplýsingakerfi þjóðskrár.
- Leggja skal heildstætt mat á það hvort óhætt sé að veita viðkomandi aðgang að fangelsum ríkisins og upplýsingum skv. 1. mgr. Heimilt er að nýta upplýsingar úr málaskrá lögreglu með beinum hætti til að synja um skipun, setningu eða ráðningu enda sé það mat Fangelsismálastofnunar að upplýsingarnar gefi tilefni til að draga í efa hæfni eða trúverðugleika aðila til að starfa hjá Fangelsismálastofnun eða í fangelsum ríkisins.
- Nú er það mat Fangelsismálastofnunar að upplýsingar úr skrá eða upplýsingakerfum skv. 2. mgr. leiði til þess að ekki sé óhætt að veita aðila aðgang að fangelsum ríkisins eða upplýsingum skv. 1. mgr. og skal þá, áður en ákvörðun er tekin, gefa aðila færi á að gæta andmæla. Ákvörðun Fangelsismálastofnunar skal rökstudd.
- Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við ríkislögreglustjóra annast bakgrunnsskoðun skv. 1. mgr.
- Nú uppfyllir starfandi fangavörður ekki bakgrunnsskoðun og skal hann þá leystur frá störfum. Sama gildir um aðra starfsmenn. Ráðherra setur nánari reglur um bakgrunnsskoðanir fangavarða og öryggisstig bakgrunnsskoðana að fengnum tillögum

ríkislögreglustjóra í reglugerð.

■ **11. gr.** *Heimild til valdbeitingar.*

Starfsmönnum fangelsa og Fangelsismálastofnunar er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna ef það telst nauðsynlegt til:

1. Að koma í veg fyrir strok.

2. Að verjast yfirvofandi árás, yfirbuga grófa mótspyrnu, að hindra að fangi skaði sjálfan sig eða aðra eða til að koma í veg fyrir skemmdarverk.

3. Að framkvæma fyrirskipaðar aðgerðir sem þörf er á að framkvæma þegar í stað og fangi hafnar eða lætur ógert að fylgja fyrirmælum um.

Valdbeiting getur falist í líkamlegum tókum eða beitingu viðeigandi varnartækja. Aldrei má þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

Kalla skal til lækni eftir valdbeitingu ef grunur er um að hún hafi valdið skaða, ef um sjúkdóma er að ræða eða ef fangi óskar sjálfur lækniástoðar.

Nú er fangi undir 18 ára aldri vistaður á heimili barnaverndaryfirvalda og er þá starfsmönnum heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna samkvæmt skilyrðum 1. mgr., enda hafi þeir hlotið viðeigandi þjálfun í valdbeitingu.

Valdbeitingu skal aðeins beitt í ýrustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki.

■ **12. gr.** *Þagnarskylda.*

[Á starfsmönnum Fangelsismálastofnunar, fangavörðum og öðrum sem starfa í fangelsum hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga.] <sup>1)</sup> Þagnarskyldan tekur til upplýsinga um einkahagi fanga og þeirra sem þeim tengjast og sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga er varða öryggi fangelsa og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, starfsreglum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

<sup>1)</sup>L. 71/2019, 5. gr.

■ **13. gr.** *Náðunarnefnd.*

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjú varamenn, til þriggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Læknir skal eiga sæti í nefndinni.

Nefndin skal veita ráðherra rökstudda umsögn um hvort ákvörðun

Fangelsismálastofnunar í máli sem varðar synjun á samfélagsþjónustu eða synjun á reynslulausn skuli staðfest, felld úr gildi eða henni breytt. Umsögn nefndarinnar er bindandi fyrir ráðherra.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu náðunarbeiðna.

Náðunarnefnd er heimilt að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglu.

Náðunarnefnd er heimilt að afla upplýsinga frá heilbrigðisstarfsfólki og heilbrigðisstofnunum til staðfestingar á fyrirliggjandi vottorðum sem og að afla nýrra gagna um heilsufar náðunarbeiðanda eða kæranda ef beiðni um náðun eða kæra er byggð á heilsufarsástæðum. Nefndinni er þó einnig heimilt að krefjast þess að náðunarbeiðandi eða kærandi afli sjálfur gagna um heilsufar sitt.

Málsmeðferð fyrir nefndinni er skrifleg en nefndinni er heimilt að kalla náðunarbeiðanda fyrir nefndina. Sama gildir ekki um kæranda.

Hver sem þekkir til náðunarbeiðanda, vegna starfs síns eða ættartengsla, getur sótt um náðun fyrir náðunarbeiðanda. Sama gildir ekki um kæranda, en um hann gilda almennar reglur stjórnsýslulaga um aðild.

### III. kafli. Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga o.fl.

#### ■ 14. gr. *Almennt.*

Fangelsismálastofnun tekur við refsisdómum til fullnustu frá ríkissaksóknara. Þá tekur stofnunin við dómum til skráningar þar sem dómþoli er dæmdur ósakhæfur.

#### ■ 15. gr. *Tilkynning um afplánun og útreikningur refsitíma.*

Óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal fullnusta eins fljótt og auðið er eftir að dómur berst Fangelsismálastofnun.

Nú er dómþoli ekki þegar í fangelsi og skal Fangelsismálastofnun þá tilkynna honum bréflaga, með sannanlegum hætti, og að minnsta kosti með fjögurra vikna fyrirvara hvenær og hvar honum ber að mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur Fangelsismálastofnun lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi. Komi dómþoli sér hjá því að mæta til afplánunar kann það að hafa áhrif á framgang afplánunar.

Nú er dómþoli í gæsluvarðhaldi og skal hann þá þegar hefja afplánun refsingarinnar nema rannsóknarhagsmunir bjóði annað. Afpláni dómþoli aðra fangelsisrefsingu skulu síðari fangelsisrefsingar afplánaðar í beinu framhaldi.

Heimilt er að láta dómþola hefja afplánun án boðunar eða áður en afplánun á að hefjast samkvæmt boðun ef hann er grunaður um að hafa framið refsiverðan verknað á ný, hætta er talin á að hann reyni að koma sér undan refsingu eða almannahagsmunir mæla með því.

Nú óskar dómþoli eftir að hefja afplánun refsingar fyrr en áætlað er og skal þá orðið við slíkri beiðni ef unnt er.

Einn þriðji, helmingur og tveir þriðju hlutar refsitíma eru reiknaðir af samanlögðum refsingum. Sé um að ræða afplánun á eftirstöðvum refsingarinnar vegna rofs á skilyrðum hennar skal reikna helming og tvo þriðju hluta refsitíma af óafplánuðum eftirstöðvum.

#### ■ [15. gr. a. *Miðlun upplýsinga til brotþola.*

Fangelsismálastofnun er heimilt, ef brotþoli óskar eftir því og brýnir hagsmunir hans krefjast þess, að upplýsa hann um tilhögun afplánunar þess aðila sem brotið hefur gegn honum.] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 61/2022, 30. gr.](#)

#### ■ 16. gr. *Frestun afplánunar og náðun.*

Nú leitar dómþoli eftir því að afplánun verði frestað og er Fangelsismálastofnun þá heimilt að veita stuttan frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur getur ekki orðið lengri en þrjú mánuðir í heild. Við mat á því hvort fresta skuli afplánun skal taka mið af alvarleika afbrots dómþola, sakaferli, persónulegum högum hans, hversu langt er um liðið síðan afbrot var framið og öðrum þáttum er máli kunna að skipta. Að jafnaði skal synja um frest ef beiðni er fyrst borin fram eftir að afplánun á að vera hafin samkvæmt boðun.

Nú fer dómþoli fram á náðun af refsingunni og skal þá fresta fullnustu hennar ef hún er ekki þegar hafin þar til slík beiðni er afgreidd, enda hafi beiðnin komið fram eigi síðar en hálfum mánuði áður en afplánun skal hefjast. Beiðni um náðun frestar ekki fullnustu sé dómþoli að afplána aðra refsingu.

Ekki skal fresta fullnustu vegna ítrekaðrar beiðni um náðun nema í nýju beiðninni komi fram veigamiklar upplýsingar sem ekki var unnt að koma á framfæri áður og

sérstakar ástæður mæli með að afplánun verði frestað.

Frestur samkvæmt þessari grein er bundinn því skilyrði að ekki leiki grunur á að dómþoli hafi framið refsiverðan verknað á ný. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir veitingu frests.

Nú rýfur dómþoli skilyrði fyrir fresti og getur Fangelsismálastofnun þá ákveðið að hann skuli hefja afplánun án fyrirvara. Sama gildir ef dómþoli gefur rangar upplýsingar í beiðni um frestun.

■ **17. gr. Vistun í fangelsi.**

Í fangelsi er sá vistaður sem dæmdur er til fangelsisrefsingar, afplánar vararefsingu fésekta eða sætir gæsluvarðhaldi.

Gæsluvarðhaldsfanga má vista meðal afplánunarfanga ef einangrun telst ekki nauðsynleg.

Í sérstökum tilvikum má um skemmri tíma vista afplánunarfanga í fangageymslum lögreglu.

Heimilt er, ef aðstæður leyfa, að vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

■ **18. gr. Tegundir fangelsa.**

Fangelsi skiptast í opin og lokuð fangelsi. Heimilt er að hafa fangelsi deildaskipt. Ráðherra setur nánari reglur um fyrirkomulag fangelsa í reglugerð, svo sem um deildaskiptingu fangelsa.

■ **19. gr. Hlé á afplánun.**

Afplánun skal vera samfelld. Þó er heimilt að gera hlé á afplánun ef mjög sérstakar ástæður mæla með því. Hlé skal bundið skilyrði um að aðili gerist ekki brotlegur meðan á því stendur. Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir hléi á afplánun.

■ **20. gr. Strok.**

Strjúki fangi úr afplánun refsivistar telst tími frá stroki og þar til fangi er settur í fangelsi á ný ekki til refsitímans.

■ **21. gr. Ákvörðun um vistunarstað.**

Fangelsismálastofnun ákveður í hvaða fangelsi afplánun skuli fara fram. Við ákvörðunina skal m.a. tekið tillit til aldurs, kynferðis, [kynvitundar], <sup>9</sup> búsetu og brotaferils fangans og þyngdar refsingar auk þeirra sjónarmiða sem gilda um vistun í hverju fangelsi fyrir sig.

Fangelsismálastofnun getur látið færa fanga milli fangelsa eða frá stofnun til fangelsis. Við slíkan flutning skal, eftir því sem aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af búsetu fanga og fjölskyldu hans. Fanga skal tilkynnt fyrir fram um slíkan flutning með minnst sólarhrings fyrirvara og gerð grein fyrir ástæðum flutnings, nema hann teljist nauðsynlegur af öryggisástæðum, vegna heilbrigðis fanga, til að fyrirbyggja ofbeldi eða hafi fangi gerst sekur um gróft agabrot, eða fyrir liggja rökstuddur grunur um að fangi hafi fíkniefni eða ólögmet lyf undir höndum.

Nú er fangi fluttur úr móttökufangelsi eða lögreglustöð og er þá heimilt að víkja frá tímaskilyrðum 2. mgr.

Fanga er heimilt að láta aðstandendur sína og lögmann vita af flutningi milli fangelsa.

Forstöðumaður fangelsis getur í öryggisskyni eða vegna sérstakra aðstæðna tekið ákvörðun um að flytja fanga á milli deilda og klefa. Ekki er skylt að gefa fanga kost á

að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin en gæta skal hagsmuna fangans í því sambandi.

Fangar sem eru undir 18 ára aldri skulu vistaðir á vegum barnaverndaryfirvalda skv. 44. gr.

*[L. 80/2019, 18. gr.](#)*

■ **22. gr.** *Vistun á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.*

Fangelsismálastofnun getur, að undangengnu sérfræðialiti, leyft að fangi sé vistaður um stundarsakir eða allan refsitímamann á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun.

Fangelsismálastofnun getur sett sérstök skilyrði fyrir vistun fanga þar.

Fangi sem lagður er inn á heilbrigðis- eða meðferðarstofnun telst taka út refsingu meðan hann dvelst þar.

■ **23. gr.** *Upphaf afplánunar í fangelsi.*

Við upphaf afplánunar skal fangi sýna fram á það með framvísun skilríkja eða með öðrum sannanlegum hætti hver hann er. Þá skal taka andlitsmynd af fanga og skrá nafn hans og kennitölu ásamt upphafs- og lokadegi afplánunar.

Læknir skal skoða fanga við upphaf afplánunar og ef þörf krefur meðan á afplánun stendur. Skrá skal upplýsingar um heilsufar, sjúkrasögu og upplýsingar um persónulega hagi fanga og hverja fangi óskar eftir að haft sé samband við ef þurfa þykir vegna hagsmuna hans.

Heilbrigðisstarfsfólki er skylt að upplýsa fangelsisyfirvöld um sjúkdóma sem gætu varðað öryggi og heilsu annarra.

Við upphaf afplánunar skal afhenda fanga og kynna, á tungumáli sem hann skilur, samantekt um þær reglur sem um afplánun gilda, um réttindi og skyldur fanga, vinnu og nám sem föngum stendur til boða, reglur viðkomandi fangelsis, hvaða háttsemi varðar agaviðurlögum, um meðferð slíkra mála, upplýsingar um hvert fangi geti kært ákvarðanir er varða fullnustu refsingarinnar og upplýsingar um heimild til að beina kvörtun til umboðsmanns Alþingis, svo og rétt fanga til að hafa samband við lögmann. Afhenda skal fanga afplánunarbréf þar sem fram koma helstu dagsetningar vegna vistunar hans í afplánun. Þá skal fanga gerð grein fyrir lokum afplánunar og reglum um reynslulausn.

Við upphaf afplánunar skal heimila fanga að tilkynna aðstandendum sínum og lögmanni um afplánunina eins fljótt og auðið er.

■ **24. gr.** *Meðferðaráætlun.*

Fangelsismálastofnun skal, í samvinnu við fanga, gera meðferðaráætlun fyrir fanga sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Áætlunina skal gera eins fljótt og kostur er eftir að afplánun hefst og endurskoða eftir atvikum meðan á afplánun stendur.

■ **25. gr.** *Vinna fanga í fangelsi.*

Fanga er rétt og skylt, eftir því sem aðstæður leyfa, að stunda vinnu eða aðra viðurkennda starfsemi í fangelsi.

Forstöðumaður fangelsis ákveður hvaða vinnu fanga er falið að inna af hendi. Við ákvörðun um vinnu fanga skal tekið tillit til aðstæðna hans og óska eftir því sem unnt er.

Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið, að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun, að vinna fanga fari fram utan fangelsis undir eftirliti fangavarða eða annarra aðila sem forstöðumaður ákveður.

Fanga er heimilt að útvega sér aðra vinnu en greinir í 1. og 3. mgr. að fengnu samþykki forstöðumanns fangelsis. Forstöðumaður fangelsis getur heimilað fanga að uppfylla vinnuskyldu sína í klefa sínum ef aðstæður leyfa og aðrar ástæður mæla ekki gegn því.

Fangi skal vinna alla virka daga nema laugardaga. Vinna skal að jafnaði innt af hendi frá kl. 8 til kl. 17, þó þannig að daglegur vinnutími verði að jafnaði ekki lengri en átta klukkustundir. Vinnu sem tengist rekstri fangelsis má inna af hendi utan dagvinnutíma.

■ **26. gr. Nám og starfsþjálfun í fangelsi.**

Fangi skal eiga kost á að stunda nám, þ.m.t. fjarnám og starfsþjálfun.

Forstöðumaður fangelsis getur, að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun, ákveðið að nám fanga fari að hluta til fram utan fangelsis undir eftirliti fangavarða eða annarra aðila sem forstöðumaður ákveður.

Reglubundið nám kemur í stað vinnuskyldu. Hver kennslustund jafngildir einni klukkustund í vinnu.

Stundi fangi ekki nám með eðlilegum hætti geta skólastjórnendur, að höfðu samráði við forstöðumann, ákveðið að víkja fanga úr námi. Fangelsi útvegar og greiðir fyrir kennslubækur vegna kennslu sem fram fer í fangelsi og eru þær eign fangelsisins.

Nám fanga í fangelsum er á ábyrgð menntamálayfirvalda.

■ **27. gr. Þóknun og dagpeningar.**

Fanga skal greiða þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu eða námi, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið.

Ráðherra ákveður fjárhæð dagpeninga með gjaldskrá og skal hún miðast við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu.

Nú gefst fanga kostur á vinnu eða námi eða hann útvegar sér hana sjálfur og fær hann þá ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða námi eða neitar að vinna eða vera í námi án gildrar ástæðu.

Fangi sem fær greiðslur frá Tryggingastofnun missir rétt til dagpeninga frá Fangelsismálastofnun.

■ **28. gr. Greiðsla skaðabóta.**

Dagpeninga og þóknun fanga má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fangi verður ábyrgur fyrir meðan á afplánun stendur, þar á meðal skuldum sem hann hefur stofnað til við fangelsi. Þó skal ekki heimilt að taka meira en fjórðung af dagpeningum eða launum til slíkra greiðslna.

■ **29. gr. Heilbrigðisþjónusta fanga.**

Fangar skulu njóta sambærilegrar heilbrigðisþjónustu og almennt gildir, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu. Að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun sér það ráðuneyti sem fer með heilbrigðismál um og ber ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum.

■ **30. gr. Dvöl ungbarna í fangelsi.**

Eigi fangi ungbarn við upphaf afplánunar, eða fæði ...<sup>1)</sup> barn meðan á afplánun stendur, má heimila fanga í samráði við [barnaverndarþjónustu]<sup>2)</sup> að hafa barnið hjá sér í fangelsi fyrstu mánuði ævi þess, og að jafnaði þar til það verður 18 mánaða að aldri, enda sé það barninu fyrir bestu.

Gera skal sérstakar ráðstafanir til að tryggja velferð barna sem dvelja í fangelsi.

*[vL. 80/2019, 18. gr.](#) [vL. 107/2021, 44. gr.](#)*

■ **31. gr.** *Fullnusta utan fangelsis.*

Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að afplána hluta refsitímans utan fangelsis, enda stundi hann vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu að nýju, búi á sérstakri stofnun eða heimili sem stofnunin hefur gert samkomulag við og sé þar undir eftirliti. Þegar sérstaklega stendur á getur Fangelsismálastofnun sett það sem skilyrði við fullnustu utan fangelsis að fangi hafi á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Fangi skal sjálfur greiða gjöld sem slík stofnun eða heimili innheimtir hjá vistmönnum.

Fangelsismálastofnun setur nánari reglur <sup>v)</sup> um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar.

*<sup>v)</sup> Rgl. 331/2018.*

■ **32. gr.** *Rafrænt eftirlit.*

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi eða lengri getur Fangelsismálastofnun leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis, enda hafi hann á sér búnað svo að unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 60 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um fimm daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 360 dagar hið mesta.

■ **33. gr.** *Skilyrði rafræns eftirlits.*

Skilyrði þess að rafrænt eftirlit komi til álita eru:

1. Að fangi teljist hæfur til að sæta rafrænu eftirliti.
2. Að fangi hafi fastan dvalarstað sem samþykktur hefur verið af

Fangelsismálastofnun.

3. Að maki fanga, forsjáraðili, nánasti aðstandandi eða húsráðandi samþykki að hann sé undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra.

4. Að fangi stundi vinnu eða nám, sé í starfsþjálfun eða meðferð eða sinni öðrum verkefnum sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og eru liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný.

5. Að fangi hafi áður nýtt sér úrræði skv. 1. mgr. 31. gr. með fullnægjandi hætti eða verið metinn hæfur til að nýta úrræði skv. 1. mgr. 31. gr. en ekki getað það af ástæðum sem eru ekki af hans völdum. Fangi sem hefur af þessum ástæðum ekki getað nýtt sér úrræðið skal hafa verið agabrotalaus þann tíma sem hann hefði ella nýtt það.

6. Að fangi hafi ekki rofið skilyrði rafræns eftirlits á síðastliðnum þremur árum.

7. Að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.

■ **34. gr.** *Skilyrði í rafrænu eftirliti.*

Rafrænt eftirlit skal bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Að fangi sé undantekningarlaust á dvalarstað sínum frá kl. 23 til kl. 7 mánudaga til föstudaga og frá kl. 21 til kl. 7 laugardaga og sunnudaga. Jafnframt skal fangi vera á dvalarstað sínum ef hann sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum nema að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun.

2. Að fangi neyti ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna.
3. Að á fanga falli ekki grunur um refsiverðan verknað.
- Auk þess má ákveða að rafrænt eftirlit verði bundið eftirfarandi skilyrðum:
1. Að fangi hlíti fyrir mælum Fangelsismálastofnunar um umgengni við aðra menn og iðkun tólmundastarfa.
2. Að fangi sæti sérstakri meðferð sem Fangelsismálastofnun ákveður.
- Heimilt er að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.
- Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu undir rafrænu eftirliti hefst skal kynna fanga ítarlega, á tungumáli sem hann skilur, þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim.
- **35. gr. Rof á skilyrðum fullnustu utan fangelsis.**
- Þegar fangi stundar ekki vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem var forsenda fullnustu utan fangelsis, eða strjúki hann frá stofnun eða heimili, brjóti reglur þess eða rjúfi skilyrði fyrir fullnustu, getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar.
- Nú uppfyllir fangi ekki lengur skilyrði skv. 33. gr. eða rýfur skilyrði skv. 34. gr. og ákveður Fangelsismálastofnun þá hvort skilyrðum rafræns eftirlits skuli breytt og hvort heimild til afplánunar undir rafrænu eftirliti verði afturkölluð og refsing afplánuð í fangelsi.
- **36. gr. Lok afplánunar.**
- Fangi sem afplánar óskilorðsbundna fangelsisrefsingu skal látinn laus kl. 8 að morgni þess dags sem afplánun lýkur. Heimilt er að láta fanga lausan á öðrum tíma þegar um brottvísun úr landi er að ræða eða þegar fangi hefur strokið úr refsivist.
- Fangelsismálastofnun skal tímanlega fyrir lok afplánunar tilkynna félagsþjónustu þess sveitarfélags sem fangi á lögheimili í um lok afplánunar, sé þess þörf. Ráðherra ákveður í reglugerð tímaviðmið tilkynninga Fangelsismálastofnunar.
- **37. gr. Samfélagsþjónusta.**
- Þegar maður hefur verið dæmdur í allt að 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta refsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 480 klukkustundir. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð eða viðurkenndu námskeiði, samhliða samfélagsþjónustu, enda nemi sá hluti aldrei meira en einum fimmta samfélagsþjónustunnar að jafnaði.
- Þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn má heildarrefsing samkvæmt dóminum ekki vera lengri en 12 mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.
- Þegar um fangelsisrefsingu er að ræða samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing ekki vera lengri en 12 mánuðir til að hægt sé að fullnusta refsinguna með samfélagsþjónustu.
- **38. gr. Skilyrði samfélagsþjónustu.**
- Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru:
1. Að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti upphaflega að hefja afplánun fangelsisrefsingar.



2. Að dómþoli eigi ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað.

3. Að dómþoli teljist hæfur til samfélagsþjónustu.

4. Að dómþoli afpláni ekki fangelsisrefsingu eða sæti gæsluvarðhaldi.

Áður en metið er hvort dómþoli teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og þ.m.t. hvort líklegt sé að hann geti innt samfélagsþjónustuna af hendi skal fara fram athugun á persónulegum högum hans. Mæti dómþoli ekki til viðtals í þessu skyni skal almennt synja beiðni um samfélagsþjónustu.

Þegar fangelsisrefsing er fullnustuð með samfélagsþjónustu jafngildir 40 klukkustunda samfélagsþjónusta eins mánaðar fangelsisrefsingu. Hafi gæsluvarðhald komið til frádráttar fangelsisrefsingu skal taka tillit til þess við útreikning á fjölda klukkustunda.

■ **39. gr. Ákvörðun um samfélagsþjónustu.**

Fangelsismálastofnun ákveður hvort fangelsisrefsing verði fullnustuð með samfélagsþjónustu og hvaða samfélagsþjónustu dómþoli sinni í hverju tilviki. Sama gildir um á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi en sá tími skal þó aldrei vera skemmri en tveir mánuðir.

Þegar skal hafna umsókn um samfélagsþjónustu ef umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði skv. 1., 2. og 4. tölul. 1. mgr. 38. gr. Ef sérstakar ástæður mæla með er þó heimilt að víkja frá þeim skilyrðum.

Þegar umsókn er tekin til efnislegrar meðferðar skal fresta fullnustu fangelsisrefsingar þar til ákvörðun um afgreiðslu hennar liggur fyrir, enda fremji dómþoli ekki refsiverðan verknað á þeim tíma.

Fullnusta óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar dómþoli gengst undir skilyrði samfélagsþjónustu.

■ **40. gr. Skilyrði í samfélagsþjónustu.**

Samfélagsþjónusta er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hljóti ekki kæru fyrir refsiverðan verknað á þeim tíma sem samfélagsþjónusta er innt af hendi.

2. Að dómþoli sæti umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður þegar samfélagsþjónusta er innt af hendi.

Auk þess má ákveða að samfélagsþjónusta verði bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að dómþoli hlíti fyrir mælum umsjónaraðila um dvalarstað, nám, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tórstundastarfa.

2. Að dómþoli neyti hvorki áfengis né ávana- og fíkniefna.

Heimilt er að krefjast þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn til að athuga hvort hann hafi rofið skilyrði 2. tölul. 2. mgr. Synjun dómþola á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum í samfélagsþjónustu.

Áður en fullnusta á fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu hefst skal kynna dómþola ítarlega þær reglur sem gilda um samfélagsþjónustu á tungumáli sem hann skilur og staðfesting hans fengin á því að hann vilji hlíta þeim. Sama gildir um viðbrögð við brotum á þessum reglum.

■ **41. gr. Rof á skilyrðum samfélagsþjónustu.**

Nú uppfyllir dómþoli ekki lengur skilyrði skv. 38. gr. eða rýfur skilyrði skv. 40. gr., eða að öðru leyti sinnir samfélagsþjónustu ekki með fullnægjandi hætti, og ákveður þá Fangelsismálastofnun hvort skilyrðum hennar skuli breytt, hvort tími sem

samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort heimild til fullnustu með samfélagsþjónustu verði afturkölluð og refsing afplánuð í fangelsi.

Þegar rof á skilyrðum samfélagsþjónustu eða meint afbrot er hvorki alvarlegt né ítrekað skal veita áminningu.

Þegar ákveðið er skv. 1. mgr. að fangelsisrefsing skuli afplánuð í fangelsi skal reikna tímalengd eftirstöðva út með hliðsjón af þeirri samfélagsþjónustu sem þegar hefur verið innt af hendi.

Þegar eftirstöðvar fangelsisrefsingar sem að hluta hefur verið fullnustuð með samfélagsþjónustu eru afplánaðar í fangelsi er heimilt að veita reynslulausn af eftirstöðvunum skv. 80. gr. þannig að helmingur og tveir þriðju hlutar reiknist af óafplánuðum eftirstöðvum refsitímans.

#### **IV. kafli. Réttindi og skyldur fanga.**

##### **■ 42. gr. Vistun í klefa.**

Fangi skal vera einn í klefa nema sérstakar aðstæður eða húsrými komi í veg fyrir það. Fangaklefi skal vera læstur að næturlagi svo sem nánar er tilgreint í reglum fangelsis. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að klefar séu ólæstir í tilteknum fangelsum eða fangelsisdeildum eða í öðrum tilvikum þegar sérstakar ástæður mæla með.

Forstöðumaður fangelsis getur læst klefa á öðrum tímum en skv. 1. mgr. af öryggisástæðum.

Föngum í lokuðum fangelsum er óheimilt að fara inn í fangaklefa annarra fanga. Forstöðumaður getur í samráði við Fangelsismálastofnun vikið frá reglunni ef sameiginleg rými í fangelsinu eru ekki fullnægjandi eða aðrar málefnalegar ástæður mæla með því.

##### **■ 43. gr. Samneyti kynja.**

Leyfa má körlum og konum að taka þátt í daglegu starfi saman en aðskilja ber kynin að næturlagi.

Fanga er óheimilt að fara inn í klefa fanga af [öðru] <sup>Þ</sup> kyni.

[Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. getur forstöðumaður, í samráði við Fangelsismálastofnun, ákveðið annað ef brýnir hagsmunir fangans eða annarra fanga krefjast þess.] <sup>Þ</sup>

*<sup>Þ</sup>L. 80/2019, 18. gr.*

##### **■ 44. gr. Vistun fanga yngri en 18 ára.**

Fangar sem eru undir 18 ára aldri skulu afplána refsingu á vegum barnaverndaryfirvalda. Óheimilt er að vista fanga undir 18 ára aldri í fangelsi nema fyrir liggja mat sérfræðinga um að það sé honum fyrir bestu með vísan til sérstakra aðstæðna er lúta að honum sjálfum og í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Um slíka vistun gilda ákvæði laga þessara ef við á.

Fangi sem er skólaskyldur skal eiga kost á skyldunámi, sbr. 26. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd vistunar samkvæmt ákvæði þessu.

##### **■ 45. gr. Heimsóknir.**

Fangi sem afplánar í lokuðu fangelsi getur fengið heimsóknir frá fjölskyldu og vinum ef aðstæður í fangelsi leyfa og slíkt telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu hans. Fangi getur fengið heimsóknir frá fjölskyldu eigi sjaldnar en vikulega en heimsóknir frá vinum skulu ekki vera fleiri en tvær í mánuði nema í sérstökum

tilvikum.

Fangi sem afplánar í opnu fangelsi getur fengið heimsóknir frá fjölskyldu og vinum eigi sjaldnar en vikulega ef aðstæður í fangelsi leyfa og slíkt telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu hans.

Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um heimsóknir, svo sem um undanþágur fyrir fleiri vinaheimsóknum.

■ **46. gr. Takmarkanir á heimsóknum.**

Forstöðumaður getur ákveðið að heimsóknir tiltekinna manna fari fram undir eftirliti starfsmanns, í öðrum vistarverum fangelsis, eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga eða banna tilteknum mönnum að heimsækja fanga ef nauðsynlegt þykir til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi í fangelsi og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða ef ástæða er til að ætla að heimsóknin verði misnotuð að öðru leyti. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda ró, góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

Heimsókn lögmanns til fanga skal ávallt vera án eftirlits nema lögmaður óski annars.

■ **47. gr. Heimsóknargestir.**

Fangelsisyfirvöld skulu kanna bakgrunn og sakaferil heimsóknargests áður en forstöðumaður samþykkir heimsóknina. Við könnunina er heimilt að afla upplýsinga úr málaskrá lögreglunnar fimm ár aftur í tímann og úr sakaskrá til yfirvalda. Leggja skal heildstætt mat á það hvort óhætt sé að heimila heimsókn en aldrei má þó ganga lengra við könnun á bakgrunni og sakaferli en þörf er á hverju sinni.

Heimilt er að leita á þeim sem heimsækja fanga. Leit getur annars vegar verið leit í ytri fötum og hins vegar líkamsleit, enda samþykki heimsóknargestur það. Samþykki hann það ekki skal heimsóknin fara fram með öðrum hætti eða synja um hana, sbr. 1. mgr. 46. gr.

Heimilt er að skoða það sem farið er með til fanga. Munir eða efni sem gestur hefur meðferðis og fanga er óheimilt að hafa í fangelsi skulu vera í vörslu fangelsis á meðan á heimsókn stendur.

Upplýsa skal þann sem kemur í heimsókn til fanga um þær reglur er gilda um heimsóknir.

■ **48. gr. Heimsóknir barna.**

Forstöðumanni fangelsis ber að skipuleggja aðstæður þannig að börn geti komið með í heimsóknir og að þeim sé sýnd nærgætni. Þurfi heimsókn að fara fram utan fangelsis vegna hagsmuna barns skal það gert á grundvelli álits barnaverndaryfirvalda eða annarra sérhæfðra aðila.

Heimsóknir barna yngri en 18 ára skulu fara fram í fylgd forsjáraðila eða annars aðstandanda, enda liggi fyrir skriflegt samþykki forsjáraðila fyrir því.

Rjúfa skal heimsókn þar sem börn eru ef talið er að hún brjóti gegn hagsmunum þeirra.

■ **49. gr. Símtöl.**

Fangi á rétt á símtölum við fólk utan fangelsis á þeim tímum dags sem reglur fangelsis segja til um. Heimilt er að takmarka fjölda símtala hvers og eins og lengd þeirra ef nauðsynlegt reynist til að aðrir fangar fái notið þessa réttar. Símtöl til fanga í öðrum fangelsum eru bönnuð nema með samþykki forstöðumanns.

Heimilt er að hlusta á eða taka upp símtöl fanga ef það telst nauðsynlegt vegna almenns eftirlits til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga.

Ákvörðun um að hlusta á eða taka upp símtal skal tilkynnt fanga fyrir fram og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar. Heimilt er að setja það skilyrði að símtalið fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en ella þýði túlkur samtalið. Eyða skal upptökum þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Ekki er heimilt að hlusta á símtöl fanga við lögmann, prest eða annan sambærilegan fulltrúa trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem fangi tilheyrir, opinberar stofnanir eða umboðsmann Alþingis.

Samkvæmt beiðni rétthafa símanúmers getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að ekki verði hringt í símanúmerið úr fangelsi.

Fangi greiðir sjálfur kostnað við símtöl sín önnur en til lögmanns, ráðuneytisins, umboðsmanns Alþingis, Fangelsismálastofnunar og sendiráðs lands erlends fanga eða ræðismanns þess.

■ **50. gr. Bréfaskipti.**

Fanga er heimilt að senda og taka við bréfum. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að opna og lesa bréf til og frá fanga í viðurvist hans til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi, til að fyrirbyggja refsiverðan verknað eða til að vernda þann sem afleiðingar af broti fanga hafa bitnað á og þann sem vitnað hefur gegn fanga. Forstöðumaður getur í sama tilgangi ákveðið að takmarka bréfaskipti fanga við ákveðna aðila eða stöðva sendingu bréfa til og frá fanga. Heimilt er að setja það skilyrði að bréfaskipti fari fram á tungumáli sem fangavörður skilur en annars verði skjalapýðanda falið að þýða bréf.

Ekki skal skoða bréfaskipti milli fanga og lögmanns, opinberra stofnana, prests eða annars sambærilegs fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags sem fangi tilheyrir eða umboðsmanns Alþingis.

Ákvörðun um að lesa bréf, eða leggja hald á það, skal tilkynnt fanga og ástæður hennar tilgreindar og bókaðar.

Þegar fangelsi útvegar fanga bréfsfni eða umslög má það ekki bera með sér stimpil eða önnur einkenni sem af má ráða að sendandi sé vistaður í fangelsi.

Fangi skal sjálfur bera kostnað af bréfum sem hann sendir nema til lögmanns, Fangelsismálastofnunar, opinberra stofnana, umboðsmanns Alþingis eða sendiráðs lands erlends fanga eða ræðismanns þess.

■ **51. gr. Aðgangur að fjölmiðlum.**

Fangi skal að jafnaði eiga kost á að fylgjast með gangi þjóðmála með lestri dagblaða og í gegnum útvarp og sjónvarp.

Fangelsismálastofnun ákveður hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga. Slíkt skal ekki heimila ef það er andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola. Fangelsismálastofnun setur reglur um nánari framkvæmd fjölmiðlaviðtala við fanga.

■ **52. gr. Útivera og tómstundir.**

Fangi á rétt á útiveru og að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður leyfa. Slík ástundun skal vara í að minnsta kosti eina og hálfra klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi.

■ **53. gr. Bókasafn.**

Fangi á rétt á aðgangi að bókasafni.

■ **54. gr. Erlendir fangar.**

Erlendur fangi á rétt á að hafa samband við sendiráð lands síns eða ræðismann þess.

Nú er fangi ríkisfangslaus eða flóttamaður og skal fangelsi þá aðstoða hann við að hafa samband við fulltrúa innlendra eða alþjóðlegra stofnana sem gæta hagsmuna slíkra einstaklinga.

Erlendur fangi á rétt á túlki þegar honum er gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum í afplánun sé þess þörf. Hann á jafnframt rétt á að hafa samband við lögmann sinn með aðstoð túlks þegar þurfa þykir.

Kynna skal erlendum fanga að hann geti sótt um að afplána refsingu í heimalandi sínu, enda sé samningur þess efnis við heimaland viðkomandi fanga.

■ **55. gr. Iðkun trúar eða siðar.**

Fangi skal eiga kost á að hafa samband við prest eða annan sambærilegan fulltrúa skráðs trúfélags eða lífsskoðunarfélags. Gera skal fanga kleift að iðka trú sína eða sið og taka tillit til matarvenja og bænátíma í starfi og námi fanga eins og unnt er.

■ **56. gr. Búnaður í klefa.**

Búnaður sem forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga samkvæmt reglum fangelsis að hafa í klefa sínum skal vera í eigu fangelsis. Búnaðurinn skal leigður út gegn vægu gjaldi. Nú er búnaður sem heimilt er að leyfa fanga að hafa í klefa sínum ekki til í fangelsinu og er þá heimilt að leyfa fanga að hafa sinn eigin búnað og er þá ekki tekið gjald fyrir notkunina.

Forstöðumaður fangelsis getur leyft fanga, í samræmi við reglur fangelsis, að hafa raftæki í klefa sínum. Í samráði við Fangelsismálastofnun getur forstöðumaður opins fangelsis heimilað fanga að hafa nettengda tölvu og farsíma í klefa sínum á nánar tilgreindum tímum. Forstöðumaður lokaðs fangelsis getur heimilað fanga, í samráði við Fangelsismálastofnun, að hafa aðgang að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými fangelsis. Fangelsismálastofnun setur sérstakar reglur <sup>1)</sup> um fyrirkomulag og notkun raftækja, síma og nettengdra tölva.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum áfengi, ávana- og fíkniefni og lyf. Fanga er þó heimilt í undantekningartilfellum að hafa lyf í klefa sínum, ef það telst nauðsynlegt vegna heilsu hans samkvæmt læknisráði og með samþykki forstöðumanns.

Fanga er óheimilt að hafa reiðufé í fórum sínum eða klefa sínum, nema með sérstakri heimild forstöðumanns. Fangi skal eiga þess kost að fjármunir hans séu í vörslu fangelsis.

Gæsluvarðhaldsfanga er heimilt að nota síma eða önnur fjarskiptatæki, þó er slík notkun óheimil í klefa hans. Sá sem stýrir rannsókn getur þó bannað eða takmarkað notkunina. Gæsluvarðhaldsfangi má nota önnur fjarskiptatæki utan klefa í tengslum við nám og vinnu. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að gæsluvarðhaldsfangi noti önnur fjarskiptatæki ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Sé gæsluvarðhaldsfangi vistaður innan um aðra afplánunarfanga gilda ákvæði 1. og 2. mgr. um notkun á síma og öðrum fjarskiptatækjum.

<sup>1)</sup> Rgl. 1340/2016. Rgl. 1461/2021.

■ **57. gr. Skylda til að hlýða fyrirmælum starfsfólks.**

Fanga er skylt að hlýða fyrirmælum sem starfsfólk fangelsisins gefur. Fanga er

óheimilt að hindra fangaverði eða aðra starfsmenn í að gegna skyldustörfum sínum.

■ **58. gr. Talsmenn fanga.**

Fangar geta kosið sér talsmenn úr röðum samfanga sinna til að vinna að málefnum fanga og til að koma fram fyrir þeirra hönd.

**V. kafli. Leyfi úr fangelsi.**

■ **59. gr. Reglubundin dags- og fjölskylduleyfi.**

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu reglubundin dagsleyfi til dvalar utan fangelsis ef slíkt telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun. Slíkt leyfi skal vera 14 klukkustundir að hámarki og skal að jafnaði veitt á tímabilinu frá kl. 7 að morgni til kl. 22 að kvöldi sama dags. Heimilt er að lengja leyfið ef fangi á sannanlega um langan veg að fara til heimilis síns.

Dagsleyfi kemur fyrst til skoðunar þegar fangi hefur samfelld afplánað þriðjung refsitímans í fangelsi, þó ekki skemmri tíma en eitt ár. Þegar fangi hefur verið samfelld í fjögur ár í fangelsi er heimilt að veita honum slíkt leyfi þótt þriðjungur refsitímans sé ekki liðinn.

Nú hafa fanga verið veitt dagsleyfi á samfelldu tveggja ára tímabili og hann staðist skilyrði þeirra og er þá heimilt að veita honum allt að 48 klukkustunda fjölskylduleyfi ef slíkt telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að ljúka afplánun. Slíkt leyfi skal að jafnaði vera frá kl. 12 á hádegi til kl. 12 á hádegi.

Í beiðni um leyfi skal fangi upplýsa hvernig hann hyggst verja leyfinu, hvern hann hyggst heimsækja og hvar hann mun dveljast. Áður en leyfi er veitt er heimilt að leita staðfestingar hjá viðkomandi á því að af heimsókn geti orðið.

Dagsleyfi úr fangelsi samkvæmt þessari grein mega mest vera 12 á ári og veita má leyfi að nýju ef liðnir eru 30 dagar frá síðasta leyfi. Fjölskylduleyfi mega vera mest fjögur á ári og þurfa 90 dagar að líða milli slíkra leyfa. Fanga er heimilt að taka dagsleyfi milli tveggja fjölskylduleyfa.

Nú fer afplánun fram utan fangelsis skv. 31. gr. og er þá heimilt að setja það skilyrði að fanga skuli ekki veitt leyfi samkvæmt þessari grein.

■ **60. gr. Ákvörðun um dags- og fjölskylduleyfi.**

Taka skal tillit til afbrots og saka- og afplánunarferils þess fanga sem í hlut á við ákvörðun dags- og fjölskylduleyfis. Einnig skal taka tillit til hegðunar hans í fangelsi og þess hvort hann hafi nýtt sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsinu.

Nú hefur fangi verið dæmdur í síðasta refsidómi eða áður fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, eða auðgunarbrot framið með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort fanga skuli veitt leyfi til dvalar utan fangelsis. Sama gildir ef mál þar sem viðkomandi fangi er grunaður um eða ákærður fyrir slíkt brot er til meðferðar hjá lögreglu, dómstólum eða ákærvaldi og einnig ef fangi telst síbrotamaður eða hætta er á að hann muni misnota leyfi eða reyna að komast úr landi.

Nú hefur fangi strokið úr afplánun eða gæsluvarðhaldi og skulu þá líða að minnsta kosti tvö ár þar til unnt er að veita fanga leyfi. Hafi fangi framið refsiverðan verknað í fyrra dags- eða fjölskylduleyfi eða að öðru leyti misnotað slíkt leyfi skal leyfi ekki veitt fyrr en að minnsta kosti átta mánuðir eru liðnir frá slíku atviki. Nú verður fangi uppvis að neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna eða hann hefur framið agabrot í

fangelsi eða utan þess og kemur þá leyfi til dvalar utan fangelsis ekki til greina fyrir en að sex mánuðum liðnum frá slíku atviki.

■ **61. gr.** *Skammtímaleyfi.*

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga skammtímaleyfi til dvalar utan fangelsis í þeim tilgangi:

1. Að heimsækja náinn ættingja eða annan nákominn í fjölskyldu fanga sem er alvarlega sjúkur að fengnu samþykki viðkomandi eða hans nánasta aðstandanda.

2. Að vera viðstaddur jarðarför eða kistulagningu náins ættingja eða annars nákomins í fjölskyldu fanga. Þó getur fangi verið viðstaddur bæði kistulagningu og jarðarför maka síns, niðja, foreldra, systkina, afa og ömmu, langömmu og langafa.

3. Að vera viðstaddur fæðingu, skírni eða ferminu barns síns.

4. Að gæta sérstaklega brynna persónulegra hagsmuna sinna.

Ekki skal veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. nema fyrir liggja fullnægjandi gögn um þar til greindar aðstæður. Slíkt leyfi skal vera 8 klukkustundir að hámarki. Lengja má þann tíma þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, svo sem þegar um langan veg er að fara. Þó skal skammtímaleyfi aldrei vera lengra en nauðsyn krefur. Liggja samþykki hlutaðeigandi fyrir komu fangans ekki fyrir skal synja um leyfið.

Með nánnum ættingja og öðrum nákomnum í fjölskyldu fanga í 1. og 2. tölul. 1. mgr. er átt við maka, sambúðarmaka, niðja, stjúpbörn, fósturbörn, foreldra, stjúpfóreltra, fósturfóreltra, tengdafóreltra, systkin, systkinabörn, föður- og móðurfóreltra, langömmu og langafa og föður- og móðursystkin.

Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við Fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu.

■ **62. gr.** *Nám, starfsþjálfun eða verkmenntun utan fangelsis.*

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda nám, starfsþjálfun eða verkmenntun í allt að 12 mánuði í lok afplánunar í fangelsi ef það telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við Fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu. Slíkt leyfi er ekki veitt fyrir en fangi hefur verið samfelld í fimm ár í fangelsi.

Áður en leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir staðfest stundaskrá og skrifleg staðfesting skóla eða þess sem veitir starfsþjálfun um að fangi geti hafið og stundað nám, starfsþjálfun eða verkmenntun þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að þessum aðilum sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

■ **63. gr.** *Vinna utan fangelsis.*

Forstöðumaður fangelsis getur að fengnu samþykki Fangelsismálastofnunar veitt fanga sem afplánar refsingu leyfi til dvalar utan fangelsis til að stunda vinnu í allt að 12 mánuði í lok afplánunar í fangelsi ef það telst gagnlegt sem þáttur í refsifullnustu eða til að búa fanga undir að afplánun ljúki. Forstöðumaður fangelsis ákveður í samráði við Fangelsismálastofnun hvernig gæslu á fanganum skuli hagað í leyfinu. Slíkt leyfi er ekki veitt fyrir en fangi hefur verið samfelld í fimm ár í fangelsi.

Áður en leyfi til dvalar utan fangelsis skv. 1. mgr. er veitt skal liggja fyrir skrifleg

staðfesting vinnuveitanda um að fangi geti hafið störf þann tíma sem fyrirhugað er að leyfið gildi. Þá skal gengið úr skugga um að vinnuveitanda sé ljóst að um fanga sé að ræða sem afpláni refsingu og þeim gerð grein fyrir reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

■ **64. gr.** *Ákvörðun um nám, starfsþjálfun, verkmenntun og vinnu utan fangelsis.*

Við mat á því hvort heimila skuli fanga að stunda nám, starfsþjálfun, verkmenntun eða vinnu utan fangelsis skal taka tillit til afbrots og saka- og afplánunarferils hans. Einnig skal taka tillit til hegðunar fangans í fangelsi og þess hvort hann hafi nýtt sér meðferðarúrræði sem til boða hafa staðið í fangelsi. Að öðru leyti ber að hafa til hliðsjónar skilyrði fyrir veitingu dagsleyfa samkvæmt lögum þessum.

■ **65. gr.** *Skilyrði í leyfi.*

Eftirtalin skilyrði eru fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. Að fangi neyti ekki eða hafi í vörslu sinni áfengi, ávana- og fíkniefni eða önnur lyf sem honum eru ekki ætluð.

2. Að fangi fari ekki af landi brott í leyfinu.

3. Að fangi geri eða fari ekki annað í leyfinu en samræmist tilgangi þess.

Auk skilyrða 1. mgr. er heimilt að setja eftirtalin skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis:

1. Að fangi láti í té öndunarsýni við endurkomu í fangelsið eða blóð- og þvagsýni í leyfi og fyrir og eftir leyfið.

2. Að fangi gangist undir líkamsleit við endurkomu í fangelsið.

3. Að fangi skuli ekki, ef tillit til brotþola eða nánustu aðstandenda eða eðli eða grófleiki brotsins mæla með, koma á ákveðna staði eða hafa samband við ákveðna menn í leyfinu.

4. Að fanginn skuli tilkynna sig til lögreglu eða fangelsismálayfirvalda.

5. Að tilteknir einstaklingar sæki fangann og aki honum aftur í fangelsi.

6. Að fangi hafi á sér búnað svo að Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún velur geti fylgst með ferðum hans í samræmi við þau fyrirmæli sem Fangelsismálastofnun hefur sett honum.

Heimilt er að setja frekari skilyrði fyrir leyfi til dvalar utan fangelsis.

Tilgreina skal hvenær fanganum er heimilt að yfirgefa fangelsið og hvenær hann skal vera kominn aftur í fangelsið. Fangi skal tilkynna fangelsinu svo fljótt sem auðið er ef slys, sjúkdómur eða önnur sambærileg atvik gera honum ókleift að koma úr leyfinu á tilsettum tíma.

Áður en leyfi er veitt skal leita staðfestingar hjá fanganum á að hann gangist undir skilyrði leyfisins.

■ **66. gr.** *Umsókn um leyfi.*

Nú óskar fangi eftir leyfi til dvalar utan fangelsis og skal hann þá sækja um það skriflega til forstöðumanns fangelsis.

Þegar fanga er veitt leyfi til dvalar utan fangelsis skal afhenda honum skírteini sem greinir skilyrði fyrir leyfisveitingunni, hvaða reglur gilda um leyfið að öðru leyti og hverju það varðar að rjúfa skilyrði leyfisins.

Óheimilt er að veita fanga leyfi til dvalar utan fangelsis nema hann undirriti skriflega yfirlýsingu um að hann vilji hlíta þeim reglum og skilyrðum sem gilda um leyfið.

■ **67. gr.** *Kostnaður.*



Fangi ber sjálfur kostnað af leyfi til dvalar utan fangelsis. Fangi skal þó ekki bera kostnað af fylgd fangavarða.

Fangi sem stundar vinnu utan fangelsis skv. 63. gr. fær ekki greitt fæðisfé þá daga sem hann vinnur utan fangelsis.

■ **68. gr.** *Afturköllun leyfis og rof á skilyrðum þess.*

Heimilt er að afturkalla leyfi til dvalar utan fangelsis vegna hegðunar fanga eða annarra atvika sem verða eftir að ákvörðun um leyfi er tekin og áður en leyfi kemur til framkvæmda og hefðu komið í veg fyrir leyfisveitinguna ef þau hefðu þá verið kunn. Sama á við ef rökstudd ástæða er til að ætla að fangi muni misfara með leyfið.

Nú rýfur fangi skilyrði leyfis til dvalar utan fangelsis eða brýtur gegn þeim reglum sem um leyfið gilda og getur þá sá sem leyfið veitti fellt það niður. Slík brot gegn skilyrðum leyfis eða reglum þess geta varðað agaviðurlögum skv. VII. kafla.

## VI. kafli. Leit, líkamsleit og líkamsrannsókn.

■ **69. gr.** *Leit í klefa.*

Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um leit í klefa fanga ef grunur leikur á að þar sé að finna muni eða efni sem:

a. refsivert er að hafa í vörslum sínum,

b. hafa orðið til við refsiverðan verknað,

c. smyglað hefur verið inn í fangelsið,

d. fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða í klefa samkvæmt reglum

fangelsis.

Einnig má leita í klefa fanga vegna almenns eftirlits og skoða klefa að öðru leyti þótt skilyrði 1. mgr. séu ekki uppfyllt.

Fangi skal að jafnaði vera viðstaddur leit í klefa. Heimilt er þó að víkja frá þessu skilyrði samkvæmt ákvörðun forstöðumanns fangelsis. Gera skal skýrslu um leitina og þá muni eða efni sem kunna að hafa fundist og fanga er óheimilt að hafa í klefa.

Fanga skal skýrt frá ástæðum fyrir leit í klefa áður en hún fer fram nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Ákvörðun um leit í klefa fanga skal tekin með rökstuddri bókun.

■ **70. gr.** *Leit á fanga.*

Leita má á fanga og í fötum hans við komu í fangelsi, eftir heimsóknir og við almennt eftirlit til þess að koma í veg fyrir að hann hafi í vörslum sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 69. gr.

Leit á fanga innanklæða skal gerð af fangelsisstarfsmanni sama kyns. [Þó getur forstöðumaður ákveðið annað ef brýnir hagsmunir fangans krefjast þess.] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 80/2019, 18. gr.](#)

■ **71. gr.** *Líkamsrannsókn.*

Forstöðumaður tekur ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga ef grunur leikur á að hann hafi falið í líkama sínum muni eða efni sem getið er í 1. mgr. 69. gr. Einnig má taka öndunar-, blóð- eða þvagsýni eða annars konar lífsýni úr fanga ef grunur leikur á að hann hafi neytt áfengis eða ávana- og fíkniefna, við komu í fangelsi og við almennt eftirlit.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur annast líkamsrannsókn og töku blóðsýnis.

Nú fer fram líkamsrannsókn og skal þá gerð skýrsla um tilefni hennar og framkvæmd.

Ákvörðun um líkamsrannsókn á fanga skal taka með rökstuddri bókun.

■ **72. gr. Stjórnsýslukæra.**

Stjórnsýslukæra frestar ekki aðgerðum samkvæmt þessum kafla.

## **VII. kafli. Agabrot, agaviðurlög o.fl.**

■ **73. gr. Agabrot.**

Forstöðumaður fangelsis getur beitt fanga agaviðurlögum vegna brota á lögum þessum, reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra og kveða á um skyldur fanga, enda komi fram að brot á þeim varði agaviðurlögum.

■ **74. gr. Agaviðurlög.**

Agaviðurlög eru eftirtalin:

1. Skrifleg áminning.

2. Svipting helmings þóknunar fyrir ástundun vinnu og náms um ákveðinn tíma.

3. Svipting aukabúnaðar sem sérstakt leyfi þarf fyrir og takmörkun heimsókna, símtala og bréfaskipta um ákveðinn tíma.

4. Flutningur úr opnu fangelsi yfir í lokað fangelsi.

5. Takmarkanir á útivist og aðstöðu til íþróttaiðkunar um ákveðinn tíma.

6. Einangrun í allt að 15 daga.

Aðeins er heimilt að beita einangrun sem agaviðurlögum vegna eftirfarandi brota eða tilrauna til brota:

1. Stroks.

2. Smygls í fangelsi, vörslu eða neyslu áfengis, ólöglegra lyfja eða fíkniefna og vörslu vopna eða annarra skaðlegra hluta.

3. Ofbeldis eða hótunar um ofbeldi gagnvart öðrum föngum eða starfsmönnum fangelsis.

4. Grófra skemmdarverka.

5. Annarra grófra eða endurtekinna minni háttar brota.

Nú er brot smávægilegt og fangi hefur ekki áður framið agabrot og má þá eingöngu beita skriflegri áminningu.

Beita má fleiri en einni tegund agaviðurlaga samtímis.

Áður en ákvörðun um agaviðurlög er tekin skulu málsatvik rannsökuð og skal fanga gefinn kostur á að kynna sér fyrirbyggjandi gögn og koma sjónarmiðum sínum um þau á framfæri.

Ákvörðun um agaviðurlög skal rökstudd, bókuð og birt fanga í viðurvist vitnis.

■ **75. gr. Aðskilnaður.**

Heimilt er að aðskilja fanga frá öðrum föngum þegar það er nauðsynlegt:

1. Af öryggisástæðum.

2. Vegna yfirvofandi hættu sem lífi eða heilbrigði hans er búin.

3. Vegna hættu á að fangi valdi meiri háttar spjöllum á eignum fangelsis.

4. Til að koma í veg fyrir stök.

5. Til að koma í veg fyrir að fangi hvetji aðra til að brjóta reglur fangelsis.

6. Til að hindra að fangi taki þátt í að útvega sér eða öðrum áfengi, önnur vímuefni eða lyf.

7. Til að afstýra að hann beiti aðra fanga yfirgangi.

Aðskilnaður skal ekki standa lengur en nauðsyn krefur og aldrei lengur en 24 tíma.

Ákvörðun um tímabundinn aðskilnað skal rökstudd og bókuð. Slík ákvörðun sætir

ekki kæru.

■ **76. gr.** *Vistun í öryggisklefa.*

- Vista má fanga í öryggisklefa ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir ofbeldi, hemja ofbeldisfullan mótþróa hans eða hindra að hann skaði sjálfan sig eða aðra.
- Þegar fangi er vistaður í öryggisklefa má nota belti og fót- og handreimar.
- Forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um vistun fanga í öryggisklefa. Vistun í öryggisklefa og aðrar aðgerðir sem beitt er í tengslum við hana skulu aldrei standa lengur en samræmist tilgangi vistunar og beitingar annarra aðgerða.
- Ákvörðun um vistun í öryggisklefa skal rökstudd og bókuð. Þá skal ákvörðunin birt fanganum í viðurvist vitnis þegar aðstæður leyfa.

■ **77. gr.** *Læknisskoðun.*

- Þegar einangrun skv. 74. gr. eða aðskilnaði skv. 75. gr. er beitt, eða fangi settur í öryggisklefa skv. 76. gr., skal kalla til lækni til að skoða fanga. Ef unnt er skal læknir skoða fanga í einangrun eða öryggisklefa daglega.

■ **78. gr.** *Málsmeðferð.*

- Ákvarðanir um agaviðurlög skv. 74. gr. og vistun í öryggisklefa skv. 76. gr. sæta kæru til ráðuneytisins og skal skýra fanga frá því um leið og ákvörðun er birt. Þegar ákvörðun er kærð skulu gögn málsins þegar send ráðuneytinu.
- Ráðuneytið skal kveða upp úrskurð innan fjögurra virkra daga frá því að kæra barst, ella fellur hin kærða ákvörðun úr gildi. Upphafsdagur frestsins telst vera næsti virki dagur á eftir þeim degi þegar kæran berst ráðuneytinu. Úrskurðarfrestur ráðuneytisins gildir þó ekki ef kæra vegna agaviðurlaga berst ráðuneytinu eftir að gildistími agaviðurlaga hefur liðið undir lok eða ef agaviðurlög felast í áminningu. Ráðuneytið skal þó ávallt leitast við að kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er.

■ **79. gr.** *Haldlagning og upptaka.*

- Forstöðumaður fangelsis getur tekið ákvörðun um að leggja hald á og eftir atvikum gera upptæka muni eða efni sem óheimilt er að koma með, varðveita eða búa til í fangelsi. Sama gildir um muni eða peninga sem reynt hefur verið að smygla til fanga. Ekki er þó heimilt að gera upptæka eign grandlauss þriðja manns.
- Forstöðumaður fangelsis getur einnig tekið ákvörðun um upptöku muna eða peninga sem finnast innan fangelsis ef ekki er vitað hver er eigandi þeirra.

## VIII. kafli. Reynslulausn.

■ **80. gr.** *Skilyrði reynslulausnar.*

- Þegar fangi hefur afplánað tvo þriðju hluta refsitíma getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hann skuli látinn laus til reynslu.
- Heimilt er að veita þeim fanga sem ekki afplánar refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, eða tilraun til slíks brots, svo sem manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, frelsissviptingarbrott, meiri háttar fíkniefnabrot, brennu eða önnur almannahættubrot og rán, lausn til reynslu þegar helmingur refsitímans er liðinn.
- Heimilt er að veita fanga lausn til reynslu þegar helmingur refsitímans er liðinn, þrátt fyrir að hann afpláni refsingu fyrir alvarlegt eða að öðru leyti gróft afbrot, ef mjög sérstakar persónulegar ástæður mæla með því og framkoma og hegðun fanga í refsivistinni hefur verið með ágætum. Sama gildir liggi fyrir ákvörðun Útlendingastofnunar um að fanga verði vísað úr landi að afplánun lokinni. Nú hefur fangi tvívegis eða oftar afplánað fangelsisrefsingu og verður honum þá ekki veitt

reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein nema sérstakar ástæður mæli með.

Heimilt er að veita fanga lausn til reynslu þegar einn þriðji hluti refsitímans er liðinn, enda hafi fangi verið 21 árs eða yngri þegar hann framdi afbrot það sem hann situr í fangelsi fyrir, hegðun hans og framkoma verið með ágætum og hann þegið viðeigandi meðferð í afplánun og tekist á við vímuefnavanda sinn, hafi hann verið til staðar.

Fanga, sem á mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað, verður að jafnaði ekki veitt reynslulausn, enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur á því ekki af völdum fangans.

Fanga, sem telst vera síbrotamaður eða hefur ítrekað verið veitt lausn til reynslu og rofið skilyrði hennar, skal ekki veitt reynslulausn að nýju nema sérstakar ástæður mæli með. Sama gildir þegar reynslulausn telst óráðleg vegna haga fangans eða með tilliti til almannahagsmuna, svo sem þegar hann hefur sýnt af sér mjög ámælisverða hegðun í afplánun eða er talinn hættulegur öðrum samkvæmt mati fagaðila. Nú er fanga synjað um reynslulausn samkvæmt þessari málsgrein og skal þá kynna honum hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla svo að unnt sé að endurskoða ákvörðunina.

Það er skilyrði reynslulausnar að fangi lýsi því yfir að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn. Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.

Nú hefur dómþoli ekki hafið afplánun og er þá heimilt að veita honum reynslulausn af refsingunni ef hann hefur áður afplánað að minnsta kosti jafnlanga refsingu og refsingin er einvörðungu vegna afbrota sem framin eru fyrir þá afplánun og hann hefur ekki verið dæmdur til fangelsisrefsingar fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk. Sama gildir ef dómþoli hefur þegar hafið afplánun.

■ **81. gr. Skilyrði á reynslutíma.**

Reynslutími skal vera allt að þremur árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en þrjú ár og má þá ákveða reynslutíma allt að fimm árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Auk þess má ákveða að reynslulausn verði, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans, bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður.

2. Að aðili neyti hvorki áfengis né ávana- og fíkniefna.

3. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónaraðila um dvalarstað, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og iðkun tómsundastarfa.

4. Að aðili sæti sérstakri meðferð innan eða utan stofnunar. Vistun á stofnun getur þó ekki staðið lengur en til loka refsitíma.

5. Að aðili hafi á sér búnað svo að Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún velur geti fylgst með ferðum hans í samræmi við þau fyrirmæli sem Fangelsismálastofnun hefur sett honum.

Fangelsismálastofnun tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.

Nú sætir aðili skilyrði skv. 2. tölul. 2. mgr. og er þá heimilt að krefjast þess að hann

undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn. Synjun aðila á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum.

■ **82. gr. Skilorðsrof.**

□ Nú fremur maður nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn, og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánuð er samkvæmt reglum 60. gr. almennra hegningarlaga þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

□ Að kröfu ákæranda getur þó dómstóll úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma rýfur gróflega almennt skilyrði reynslulausnar, enda liggja fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur sex ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Við meðferð slíkrar kröfu skal dómari skipa honum verjanda að ósk hans og fara með málið eftir XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Heimilt er að kæra úrskurð dómara skv. 1. másl. til [Landsréttar] <sup>1)</sup> og skal við meðferð kærumálsins farið eftir reglum XXX. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Kæra frestar ekki framkvæmd úrskurðar. Dómari skal víkja sæti eftir útgáfu ákæru ef hann hefur áður úrskurðað mann, sem ákærður er í málinu, skv. 1. másl. þessarar málsgreinar. [Um kæru á úrskurði Landsréttar gilda ákvæði XXXII. kafla laga um meðferð sakamála.] <sup>2)</sup>

□ Rjúfi maður skilorð að öðru leyti getur Fangelsismálastofnun ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmæltu hámarki hans eða hann taki út refsingu sem eftir stendur.

□ Nú er ekki tekin ákvörðun um að maður afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1.–3. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki þegar hann fékk reynslulausn.

□ Nú er ákveðið að láta mann taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. og 3. mgr., og hefst þá nýr refsitími í skilningi laga þessara. Veita má reynslulausn að nýju þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 81. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 81. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

□ Nú er maður náðaður skilorðsbundið og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 81. gr. Um skilorðsrof þess sem er náðaður skilorðsbundið skal fara skv. 1. mgr.

<sup>1)</sup>[L. 117/2016, 73. gr.](#)

**IX. kafli. Skilorðsbundnar refsingar, náðun o.fl.**

■ **83. gr. Tilhögun eftirlits.**

□ Þegar mælt er fyrir um eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða fá náðun fer Fangelsismálastofnun með eftirlitið eða felur það öðrum.

□ Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga og getur Fangelsismálastofnun þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælís, ef því er að skipta.

■ **84. gr.** *Veiting upplýsinga.*

Fangelsismálastofnun gerir þeim sem sætir eftirliti grein fyrir því hvað felist í því. Þeim sem sætir eftirliti ber að upplýsa Fangelsismálastofnun um hagi sína og ber að hlíta því sem fyrir hann er lagt af hálfu Fangelsismálastofnunar.

■ **85. gr.** *Sértæk skilyrði.*

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna og getur þá Fangelsismálastofnun krafist þess að dómþoli undirgangist rannsókn á öndunarsýni eða blóð- og þvagrannsókn ef ástæða er til að ætla að hann hafi brotið gegn skilyrðinu.

■ **86. gr.** *Rof á skilyrðum.*

Telji Fangelsismálastofnun að sá sem sætir eftirliti hafi rofið skilyrði þau sem honum var gert að hlíta með dómi, ákærufrestun eða náðun skal Fangelsismálastofnun gera lögreglu og ákærvaldi viðvart.

Eftirliti Fangelsismálastofnunar með því að dómþoli haldi sérstök skilyrði samkvæmt dómi eða ákærufrestun lýkur þegar opinber rannsókn á meintum skilorðsrofum dómþola hefst hjá lögreglu. Falli rannsókn hjá lögreglu niður hefst eftirlit Fangelsismálastofnunar samkvæmt þessari grein að nýju.

**X. kafli. Fullnusta fésekta, innheimta sakarkostnaðar og framkvæmd upptöku.**

■ **87. gr.** *Innheimta sekta.*

Sýslumenn annast fullnustu sekta sem ákvarðaðar eru af dómstólum eða stjórnvöldum nema annað komi fram í viðkomandi sektarákvörðun. Ráðherra er þó heimilt að ákveða að fullnusta sekta og innheimta sakarkostnaðar verði á hendi eins sýslumanns eða annars aðila á landsvísu.

Heimilt er að leyfa að sekt og sakarkostnaður sé greiddur með afborgunum. Eigi skal þó veita lengri greiðslufrest en eitt ár frá að því sekt kemur til innheimtu. Heimilt er að veita lengri greiðslufrest ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Hafi sekt eða sakarkostnaður hvorki verið greiddur á tilskildum tíma né verið samið um greiðsluna skal sektin þegar innheimt skv. XI. kafla.

Ekki er leyfilegt, án sérstakrar lagaheimildar, að krefjast greiðslu sektar úr dánarbúi sökunautar né að innheimta sekt hjá nokkrum öðrum en sökunaut sjálfum. Þó er heimilt að ganga að veði sem tekið hefur verið fyrir sektarkröfu með fjárnámi þótt eigendaskipti hafi síðar orðið að hinni veðsettu eign.

Sökunautur sem gerð hefur verið sekt getur ekki krafið aðra um endurgreiðslu eða bætur vegna greiðslu sektarinnar.

■ **88. gr.** *Vararefsing.*

Nú telur innheimtuaðili að innheimtuaðgerðir séu þýðingarlausar eða fullreyndar og skal hann þá ákveða að vararefsingu verði beitt. Að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun skal sektarþola birt tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar með þeim hætti sem áskilinn er við birtingu ákæru skv. [156. gr. laga nr. 88/2008](#), um meðferð sakamála, og með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara. Mæti sektarþoli ekki til afplánunar á tilskildum tíma felur innheimtuaðili lögreglu að handtaka hann og færa í fangelsi.

Nú hefur hluti sektar verið greiddur og ákveður innheimtuaðili þá styttingu afplánunartíma að sama skapi en þó þannig að afplánunartíminn verði ekki styttri en tveir dagar og að sektarfjárhæð sem svarar til hluta úr degi afplánist með heilum degi.

Nú afplánar sektarþoli vararefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi, viðurlagaákvörðun, árituðu sektarboði eða lögreglustjórased og telst fullnusta hennar þá hefjast við upphaf afplánunar.

■ **89. gr.** *Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu.*

Nú innheimtist fésekt ekki sem er 100.000 kr. eða hærri og innheimtuaðili hefur ákveðið að maður skuli afplána vararefsingu hennar, og er þá heimilt, ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því, að fullnusta vararefsinguna með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir en mest 480 klukkustundir.

Um lengd fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu gilda ákvæði 3. mgr. 38. gr.

Nú hefur umsækjandi fengið fimm eða fleiri sektir og skal þá að jafnaði synja um samfélagsþjónustu.

Fullnusta vararefsingar með samfélagsþjónustu hefst þegar sektarþoli gengst skriflega undir skilyrði samfélagsþjónustu.

■ **90. gr.** *Umsókn um samfélagsþjónustu.*

Ákvæði III. kafla um samfélagsþjónustu gilda þegar vararefsing samkvæmt þessum kafla er fullnustuð með samfélagsþjónustu að öðru leyti en því að í stað þess að umsókn um afplánun vararefsingar með samfélagsþjónustu sé send

Fangelsismálastofnun skal sektarþoli senda innheimtuaðila slíka umsókn skriflega eigi síðar en sjö dögum eftir að honum barst tilkynning um fyrirhugaða afplánun vararefsingar.

Þegar sýslumanni berst umsókn um fullnustu vararefsingar með samfélagsþjónustu skal hann framsenda Fangelsismálastofnun umsóknina til ákvörðunar ásamt gögnum máls og umsögn sinni.

■ **91. gr.** *Innheimta sakarkostnaðar.*

Um innheimtu sakarkostnaðar fer skv. 1.–3. mgr. 87. gr.

[Um niðurfellingu sakarkostnaðar fer eftir lögum um meðferð sakamála.] <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 17/2018, 4. gr.](#)

■ **92. gr.** *Framkvæmd eignaupptöku.*

Lögreglustjóri annast framkvæmd eignaupptöku.

Nú er það sem gert hefur verið upptækt í vörslu lögreglu og skal lögreglustjóri þá ráðstafa því ef ætla má að það hafi verðgildi umfram kostnað við sölu. Eftir því sem átt getur við skal ákvæðum laga um nauðungarsölu beitt til að koma upptækum munum í verð að kröfu lögreglustjóra. Að öðrum kosti skal eyða því sem gert hefur verið upptækt.

## **XI. kafli. Innheimtuúrræði.**

■ **93. gr.** *Innheimta, aðför o.fl.*

Innheimta má ógreidda sekt og sakarkostnað, svo og eftirstöðvar slíkra krafna, með aðför eftir lögum um aðför.

Auk aðgangs að fasteigna-, skipa- og ökutækjaskrá til eignakönnunar hefur innheimtuaðili heimild til að kanna eignir sem varðveittar kunna að vera í bönkum, sparisjóðum og öðrum fjármála fyrirtækjum, þ.m.t. innlán. Þagnarskylda takmarkar ekki aðgang að upplýsingum samkvæmt ákvæði þessu og er fjármála fyrirtæki skylt að upplýsa innheimtuaðila án endurgjalds um eignastöðu viðskiptamanna sinna hjá fyrirtækinu samkvæmt beiðni þar um.

■ **94. gr.** *Undanskot eigna.*

- Hafi sökunautur á síðustu sex mánuðum fyrir brotadag eða frá brotadegi þar til rannsókn hófst ráðstafað fjármunum sínum eða átt þannig viðskipti að verulega frábrugðið þyki því sem almennt gerist, og ætla má fjárhag hans bágari fyrir vikið, getur innheimtuaðili gert aðför í verðmætum sem án slíks gernings hefðu verið í eigu sökunautar.
- Sé ljóst að sökunautur heldur eftir nægilegum eignum til greiðslu skuldbindinga sinna skal heimildum skv. 1. mgr. ekki beitt gagnvart honum eða viðsejendum hans.

**XII. kafli. Málsmeðferð og kærueheimildir.**

■ **95. gr.** *Kæruleiðir og aðgangur að gögnum.*

- Ákvarðanir samkvæmt lögum þessum eru kærانlegar til ráðuneytis nema annað sé tekið fram.
- Fangi á ekki rétt á aðgangi að málgögnum sem innihalda upplýsingar um aðra fanga eða öryggisatriði viðkomandi fangelsis.
- Heimilt er að halda gögnum og upplýsingum frá fanga ef slíkt telst nauðsynlegt með tilliti til öryggis fangelsis, brotaþola, vitna eða annarra sem tengjast máli fanga, annarra fanga, rannsóknar sakamáls eða annarra sérstakra ástæðna.

**XIII. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **96. gr.** *Gæsluvarðhaldsfangar.*

- Ákvæði VI. og VII. kafla gilda einnig um gæsluvarðhaldsfanga.
- Eftir því sem við getur átt gilda ákvæði III., IV. og V. kafla einnig um gæsluvarðhaldsfanga svo framarlega sem annað leiðir ekki af takmörkunum sem gæsluvarðhaldsfanga er gert að sæta á grundvelli laga um meðferð sakamála. Þó ber gæsluvarðhaldsfanga ekki að stunda vinnu í fangelsi.

■ **97. gr.** *Vinnsla persónuupplýsinga.*

- Hjá Fangelsismálastofnun og í fangelsum er vinnsla persónuupplýsinga um fanga heimil, þar á meðal þeirra upplýsinga sem viðkvæmar geta talist, að því marki sem slík vinnsla telst nauðsynleg vegna starfsemi viðkomandi stofnunar. Um meðferð persónuupplýsinga samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um persónuvernd og [vinnslu] <sup>1)</sup> persónuupplýsinga [og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi]. <sup>2)</sup> Þá er Fangelsismálastofnun heimilt að halda skrá yfir dóma þar sem dómþoli er dæmdur ósakhæfur.

<sup>1)</sup>L. 90/2018, 54. gr. <sup>2)</sup>L. 75/2019, 37. gr.

■ **98. gr.** *Reglugerðarheimild.*

- Ráðherra setur reglugerð <sup>1)</sup> um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal reglur um Fangelsismálastofnun og hlutverk hennar, t.d. um vinnslu persónuupplýsinga í stofnuninni og í fangelsum. Í reglugerð <sup>2)</sup> er einnig heimilt að mæla fyrir um vinnu og nám fanga, um greiðslu og fjárhæð þóknunar fyrir vinnu og nám, um leyfi til dvalar utan fangelsis og um viðtöl við fanga og talsmenn fanga í fjölmiðlum, fangavarðaskólann, bakgrunnsskoðanir og öryggisstig þeirra.
- Þá er ráðherra heimilt að kveða í reglugerð nánar á um önnur atriði er varða framkvæmd ákvæða um réttindi og skyldur fanga, fyrirkomulag og framkvæmd einangrunar, agaviðurlög og haldlagningu og upptöku muna, svo og um veitingu reynslulausnar, þar á meðal útfærslu skilyrða reynslulausnar.



Fangelsismálastofnun er heimilt að setja reglur fangelsa <sup>3)</sup> og reglur <sup>4)</sup> um fullnustu refsinga utan fangelsa.

Reglur um öryggi fangelsa og fangavarða er óheimilt að birta opinberlega.

<sup>1)</sup>Rg. 240/2018. <sup>2)</sup>Rg. 162/2017. <sup>3)</sup>Rgl. 600/2016. <sup>4)</sup>Rg. 1172/2021. <sup>5)</sup>Rgl. 331/2018.

■ **99. gr. Refsiákvæði.**

Hver sá sem smyglar til fanga ávana- og fíkniefnum, lyfseðilsskyldum lyfjum, áfengi, vopnum og hættulegum efnum, tölvubúnaði, símabúnaði, öðrum fjarskipta- og margmiðlunarúnaði, verkfærum eða öðrum efnum og tækjum sem er bannað að vera með í fangelsi skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex mánuðum. Stórfelld brot eða ítrekuð varða fangelsi allt að tveimur árum. Með stórfelldu broti er m.a. átt við það þegar brot er framið í tengslum við skipulagða brotastarfsemi eða það hefði stefnt öryggi starfsmanna og fangelsisins í brýna hættu.

Tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. 1. mgr. er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga.

■ **100. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. ...

■ **101. gr. Breyting á öðrum lögum. ...**

**Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.**

Ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 7. gr. um háskólamenntun forstöðumanna fangelsa tekur gildi þegar nýr forstöðumaður er skipaður í stöðu forstöðumanns fangelsis.

■ **II.**

Ráðherra skal setja á laggirnar starfshóp til að endurskoða fyrirkomulag rafræns eftirlits við afplánun refsinga. Starfshópurinn skal greina hvaða afleiðingar það kunni að hafa á framkvæmd fullnustu refsinga samkvæmt gildandi lögum að fangi eigi þann kost að sæta rafrænu eftirliti í stað afplánunar í fangelsi, sé hann dæmdur til refsivistar í styttri tíma, með hliðsjón af varnaðaráhrifum refsinga, betrun og lækkaðri endurkomutíðni. Starfshópurinn skal skila ráðherra skýrslu um málið ásamt lagafrumvarpi eigi síðar en 1. júní 2016.

■ **III.**

Ráðherra skal setja á laggirnar starfshóp til að endurskoða úrræði yfirvalda til innheimtu sekta og sakarkostnaðar með það að markmiði að bæta innheimtuhlutfall. Starfshópurinn skal skila ráðherra skýrslu um málið ásamt lagafrumvarpi eigi síðar en 1. október 2016.

■ **IV.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 37. gr. er heimilt að fullnusta refsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 960 klukkustundir, í þeim tilvikum er maður hefur verið dæmdur í allt að 24 mánaða óskilorðsbundið fangelsi og almannahagsmunir mæla ekki gegn því.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 37. gr. er heimilt, þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn, að fullnusta hinn óskilorðsbundna hluta fangelsisrefsingarinnar með samfélagsþjónustu þó að heildarrefsing samkvæmt dóminum sé lengri en 24 mánuðir.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 37. gr. er heimilt að fullnusta fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi með samfélagsþjónustu en samanlögð refsing má ekki vera lengri en 24 mánuðir.

Ákvæði þetta nær til allra þeirra dóma sem kveðnir hafa verið upp fyrir gildistöku laga þessara og þegar eru komnir til fullnustu til Fangelsismálastofnunar sem og allra dóma sem stofnuninni berast fyrir 1. júlí 2024.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júlí 2024.] <sup>1)</sup>

*[L. 98/2021, 1. gr.](#)*

■ [V.

Ef refsing fanga er allt að 90 daga óskilorðsbundið fangelsi er heimilt að veita fanga reynslulausn fimm dögum áður en reynslulausn væri annars veitt. Ef refsing fanga er yfir 90 daga óskilorðsbundið fangelsi er heimilt að veita fanga reynslulausn tíu dögum áður en reynslulausn væri annars veitt.

Ákvæði þetta nær til allra þeirra dóma sem kveðnir hafa verið upp fyrir gildistöku laga þessara og þegar eru komnir til fullnustu til Fangelsismálastofnunar sem og allra dóma sem stofnuninni berast fyrir 1. júlí 2024.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júlí 2024.] <sup>1)</sup>

*[L. 98/2021, 1. gr.](#)*

## LÖG um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 (samfélagsþjónusta og reynslulausn)

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Við lögina bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

#### a. (IV.)

Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 37. gr. er heimilt að fullnusta refsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu, minnst 40 klukkustundir og mest 960 klukkustundir, í þeim tilvikum er maður hefur verið dæmdur í allt að 24 mánaða óskilorðsbundið fangelsi og almannahagsmunir mæla ekki gegn því.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 37. gr. er heimilt, þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn, að fullnusta hinn óskilorðsbundna hluta fangelsisrefsingarinnar með samfélagsþjónustu þó að heildarrefsing samkvæmt dóminum sé lengri en 24 mánuðir.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 37. gr. er heimilt að fullnusta fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi með samfélagsþjónustu en samanlögð refsing má ekki vera lengri en 24 mánuðir.

Ákvæði þetta nær til allra þeirra dóma sem kveðnir hafa verið upp fyrir gildistöku laga þessara og þegar eru komnir til fullnustu til Fangelsismálastofnunar sem og allra dóma sem stofnuninni berast fyrir 1. júlí 2024.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júlí 2024.

#### b. (V.)

Ef refsing fanga er allt að 90 daga óskilorðsbundið fangelsi er heimilt að veita fanga reynslulausn fimm dögum áður en reynslulausn væri annars veitt. Ef refsing fanga er yfir 90 daga óskilorðsbundið fangelsi er heimilt að veita fanga reynslulausn tíu dögum áður en reynslulausn væri annars veitt.

Ákvæði þetta nær til allra þeirra dóma sem kveðnir hafa verið upp fyrir gildistöku laga þessara og þegar eru komnir til fullnustu til Fangelsismálastofnunar sem og allra dóma sem stofnuninni berast fyrir 1. júlí 2024.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júlí 2024.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Vestmannaeyjum, 25. júní 2021.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

*Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir.*

## Reglugerð um fullnustu refsinga

### 1. gr.

#### *Hlutverk Fangelsismálastofnunar ríkisins.*

Hlutverk Fangelsismálastofnunar ríkisins er:

1. Að sjá um fullnustu refsidóma. Fangelsismálastofnun framsendir lögreglustjóra sektardóma til fullnustu og sakarkostnað til innheimtu.
2. Að annast eftirlit með þeim sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið og gert að sæta eftirliti, fá skilorðsbundna reynslulausn, náðun eða frestun afplánunar.
3. Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta svo sem kveðið er á um í lögum og öðrum reglugerðum.
4. Að annast önnur verkefni í samræmi við ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo sem að halda utan um tölulegar upplýsingar á sviði stofnunarinnar og stuðla þar með að rannsóknum á sviði fangelsismála.

### 2. gr.

#### *Deildaskipting fangelsa.*

Heimilt er að skipta fangelsum upp í deildir, svo sem gæsluvarðhaldsdeildir, öryggisdeildir og meðferðardeildir.

### 3. gr.

#### *Öryggisdeild fangelsis.*

Á öryggisdeild er unnt að vista fanga sem gerst hafa sekir um alvarleg eða ítrekuð agabrot, eru taldir stefna öryggi fangelsisins í hættu eða geta ekki vistast með öðrum föngum vegna hegðunar sinnar.

### 4. gr.

#### *Ákvörðun um vistun á öryggisdeild.*

Forstöðumaður viðkomandi fangelsis tekur ákvörðun um að vista skuli fanga á öryggisdeild, sbr. 5. mgr. 21. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Slíka ákvörðun skal rökstyðja skriflega og bóka. Vistun á öryggisdeild má ekki ákvarða í lengri tíma en þrjá mánuði í senn.

### 5. gr.

#### *Réttindi og skyldur fanga á öryggisdeild.*

Stundi fangi sem vistaður er á öryggisdeild vinnu eða nám skal sú starfsemi að jafnaði fara fram þar. Útivera og tómsundur fanga á öryggisdeild skulu að jafnaði fara fram á öðrum tíma en útivera og tómsundur annarra fanga. Samskipti við fanga utan öryggisdeilda eru ekki heimil nema með sérstöku leyfi forstöðumanns. Skulu þau þá að jafnaði fara fram í gegnum bréfaskipti.

Að öðru leyti fer um réttindi og skyldur fanga sem vistaður er á öryggisdeild eftir lögum um fullnustu refsinga, reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

### 6. gr.

#### *Eftirlit heilbrigðisstarfsmanns með fanga á öryggisdeild.*

Þegar fangi er vistaður á öryggisdeild skal tilkynna lækni um vistunina. Læknir eða annar heilbrigðisstarfsmaður, s.s. sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur, hefur reglulegt eftirlit með fanganum.

7. gr.

*Meðferðaráætlun.*

Fangelsismálastofnun skal í samvinnu við fanga gera meðferðaráætlun fyrir fanga sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar.

Í áætluninni skal meðal annars koma fram meðferðarþörf, svo sem þörf fyrir sálfræðilegan, félagslegan og annan stuðning. Vinna skal eftir þessari áætlun með fanga á afplánunartímanum undir stjórn vel menntaðs og þjálfaðs starfsfólks.

Markmið meðferðaráætlunarinnar er að fangi nái að fóta sig í samfélaginu eftir lok afplánunar, hann kunni að leita sér aðstoðar, eigi fastan samastað og hafi góð tengsl við fjölskyldu og/eða vini.

8. gr.

*Vinna í fangelsi.*

Matarhlé telst ekki til vinnutíma.

Þegar fangi getur ekki af trúarástæðum unnið tilgreindan vikudag skal tekið tillit til þess eftir því sem aðstæður leyfa. Í slíku tilviki getur forstöðumaður fangelsis ákveðið að fangi uppfylli vinnuskyldu með öðrum hætti.

9. gr.

*Fyrirkomulag heimsókna.*

Fanga er heimilt að taka á móti gestum í allt að tvær klst. í senn. Forstöðumaður fangelsis getur ákveðið að heimsóknartími sé lengri, bæði almennt og í einstökum tilfellum. Heimsóknir vina í lokuð fangelsi skulu að jafnaði fara fram án líkamlegrar snertingar í fyrstu tvö skiptin, þ.e. í glerheimsóknaraðstöðu fangelsisins sé slík aðstaða til staðar. Sé slík aðstaða ekki til staðar skal heimsóknin að jafnaði fara fram undir eftirliti fangavarða.

10. gr.

*Eftirlit með heimsóknum.*

Í upphafi afplánunar skal fangi skýra starfsmönnum fangelsis frá því hverjir séu nánustu vandamenn hans. Fangi skal óska eftir heimsókn þeirra við starfsmenn fangelsisins.

Óski fangi eftir heimsókn annarra en tilkynnt var um í upphafi skal hann að jafnaði tilkynna það með tveggja vikna fyrirvara. Við komu í fangelsið skal heimsóknargestur framvísa gildum persónuskilríkjum. Varðstjóra er heimilt að veita undanþágu frá því ef slíkt er augljóslega óþarft.

11. gr.

*Reglubundnar heimsóknir.*

Forstöðumaður fangelsis getur leyft reglubundnar heimsóknir tilgreindra einstaklinga til eins eða fleiri fanga án þess að það skerði rétt fanga til almennra heimsókna. Slíkar heimsóknir mega fara fram utan reglubundinna heimsóknartíma.

12. gr.

*Heimsóknir undir eftirliti.*

Þegar heimsókn fer fram undir eftirliti fangavarðar má setja það skilyrði að samtal fari fram á tungumáli sem fangavörðurinn skilur, enda teljist það nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að fyrirbyggja refsiverðan verknað. Ef aðstæður krefja skal fá túlk til aðstoðar.

13. gr.

*Nánari reglur um fyrirkomulag heimsókna.*

Forstöðumaður fangelsis getur að öðru leyti sett nánari reglur um fyrirkomulag heimsókna, svo sem um heimsóknartíma og hvaða hluti heimsóknargestur má hafa með sér. Upplýsa skal þann sem kemur í heimsókn til fanga um reglur sem gilda um heimsóknir.

14. gr.

*Haldlagning bréfs.*

Nú er hald lagt á bréf og skal þá sendanda tilkynnt um að það hafi verið haldlagt, nema ríkar ástæður séu til annars.

15. gr.

*Opinberar stofnanir.*

Með opinberum stofnunum í 4. mgr. 49. gr. og 2. mgr. 50. gr. laga um fullnustu refsinga er, auk íslenskra opinberra stofnana, átt við:

1. Mannréttindadómstól Evrópu.
2. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna.
3. Nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (OPCAT)
4. Evrópunefnd um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
5. Stjórnarereindreka eða ræðismann ef fangi er ríkisborgari viðkomandi ríkis.

16. gr.

*Aðgangur að fjölmiðlum.*

Skrifleg umsókn um viðtal við fanga í fjölmiðli skal send Fangelsismálastofnun. Þar skal koma fram við hvern óskað er viðtals, efni viðtals í meginatriðum og hvort óskað er eftir myndatöku eða hljóðritun. Þegar metið er hvort viðtal verður veitt skal Fangelsismálastofnun einkum líta til hegðunar fanga í refsivist. Viðtal verður ekki veitt ef talið er að það sé andstætt almannahagsmunum eða hagsmunum brotþola.

Nú er um gæsluvarðhaldsfanga að ræða og ákveður þá sá sem rannsókn stýrir í viðkomandi máli að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun hvort viðtal skuli heimilað, í samræmi við e-lið 1. mgr. 99. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 með síðari breytingum.

Nú er veitt heimild til viðtals og skal þá í leyfinu kveðið á um hvernig því skuli háttað, þar á meðal um eftirlit með viðtalinu og að Fangelsismálastofnun sé heimilað að skoða viðtal eða myndatöku í endanlegri mynd áður en það er birt eða sent út til að sannreyna hvort skilyrði fyrir viðtalinu eða myndatöku hafi verið uppfyllt í því skyni að tryggja að viðtalið teljist hvorki andstætt almannahagsmunum né hagsmunum brotþola.

Bein útsending viðtals er óheimil. Ekki er heimilt að nafngreina eða fjalla um persónuleg málefni annarra fanga í viðtali en þess sem viðtalið er við. Ekki er heimilt að mynda aðra fanga en viðtalið er við nema með þeirra samþykki. Forstöðumaður fangelsis ákveður hvar myndataka fer fram.

17. gr.

*Reglubundin dagsleyfi.*

Greiða skal fanga þóknun eða dagpeninga, eins og venjulega, fyrir þann tíma sem hann er utan fangelsis vegna leyfis, nema hann hafi rofið skilyrði leyfisins eða að öðru leyti þær reglur sem um það giltu eða misnotað það að öðru leyti.

18. gr.

*Synjun um leyfi eða afturköllun þess.*

Nú er synjað um leyfi til dvalar utan fangelsis vegna þess að hætta er talin á að fangi muni misnota það eða það er afturkallað og skal þá koma fram hvenær ákvörðunin geti fyrst komið til endurskoðunar.

19. gr.

*Tilkynning til sveitarfélaga um lok afplánunar.*

Sé þess þörf tilkynnir Fangelsismálastofnun félagsþjónustu þess sveitarfélags sem fangi á lögheimili í um lok afplánunar hans.

Slíka tilkynningu skal að jafnaði ekki senda síðar en tveimur mánuðum fyrir ætlaðan lokadag afplánunar.

20. gr.

*Gæsluvarðhaldsfangar.*

Rannsóknaraðili skal, ef því verður við komið, tilkynna starfsmönnum viðkomandi fangelsis í tæka tíð um væntanlegan gæsluvarðhaldsfanga.

Þegar fangi kemur í gæsluvarðhald skal afhenda starfsmanni fangelsis staðfest endurrit af gæsluvarðhaldsúrskurði eða yfirlýsingu dómara um úrskurðinn. Jafnframt skal afhenda vistunarseðil, sem sá sem rannsókn stýrir gefur út, þar sem fram kemur nafn, kennitala og heimilisfang fanga, hvar og hvenær úrskurður var kveðinn upp og tímalengd hans, hver stýrir rannsókn og hver sé verjandi fanga og símanúmer verjandans. Á vistunarseðli skal enn fremur tilgreina fyrirkomulag gæsluvarðhalds.

21. gr.

*Upphaf gæsluvarðhalds.*

Þegar starfsmaður fangelsis hefur sannreynt að fangi skuli settur í gæsluvarðhald skal fanginn afhenda persónulega muni og líkamsleit gerð. Áður en gæsluvarðhaldsfangi er færður til klefa síns er heimilt að ákveða að hann fari í bað eða sturtu.

22. gr.

*Fæði gæsluvarðhaldsfanga.*

Gæsluvarðhaldsfanga skal séð fyrir fæði á venjubundnum matmálstímum. Forstöðumaður fangelsis getur takmarkað eða bannað að fangi fái sent fæði ef hætta þykir á að það raski góðri reglu eða öryggi í fangelsinu. Fangelsi greiðir ekki kostnað við fæði sem gæsluvarðhaldsfangi útvegar sér eða fær sérstaklega sent, nema það sé gert að ráði fangelsislæknis.

23. gr.

*Skammtímaleyfi gæsluvarðhaldsfanga.*

Nú er gæsluvarðhaldsfanga veitt skammtímaleyfi skv. V. kafla laga um fullnustu refsinga og skal þá liggja fyrir skriflegt samþykki af hálfu þess sem rannsókn stýrir.

Þegar gæsluvarðhaldsfangi fær skammtímaleyfi skal hann ávallt vera í fylgd lögreglumanna eða fangavarða.

24. gr.

*Vinnsla persónuupplýsinga.*

Forstjóri Fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa bera ábyrgð á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga og að meðferð þeirra samrýmist reglum og stöðlum sem Persónuvernd setur um hvernig tryggja skuli öryggi upplýsinga. Jafnframt bera þeir ábyrgð á að varsla gagna sé með traustum hætti. Til að fullnægja þessu skal reglulega framkvæma öryggismat og gera kerfisbundnar öryggisráðstafanir.

Forstjóri Fangelsismálastofnunar og forstöðumenn fangelsa skulu viðhafa og skipuleggja viðvarandi innra eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga. Eftirlitið skal miða að því að tryggja áreiðanleika upplýsinga og koma í veg fyrir aðgang, breytingu eða miðlun upplýsinga án heimildar.

Vinnsla persónuupplýsinga skal takmörkuð við upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna fullnustustarfa og er óheimilt að nýta þær í öðrum tilgangi. Eftir því sem frekast er unnt skal vinnsla persónuupplýsinga bundin við sannreynðar upplýsingar. Upplýsingum skal eytt þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Aðgangur starfsmanna Fangelsismálastofnunar skal ekki vera rýmri en nauðsynlegt er með hliðsjón af þeim verkefnum sem þeir hafa með höndum.

25. gr.

*Bakgrunnsskoðun.*

Áður en aðili er skipaður, settur eða ráðinn til starfa hjá Fangelsismálastofnun eða í fangelsum ríkisins skal hann, að fengnu samþykki hans, undirgangast athugun sem felst í öflun upplýsinga úr skrá og upplýsingakerfum sem getið er í 2. mgr. 10. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016, sem lið í mati á því hvort óhætt sé að veita viðkomandi aðgang að fangelsum ríkisins, aðgang að upplýsingum um framkvæmd fangelsistarfa og um fanga. Með bakgrunnsathugun skal m.a. kanna og staðfesta:

- a. Deili á viðkomandi, t.d. með vegabréfi sem er í gildi,
- b. heimili eða dvalarstað viðkomandi fimm ár aftur í tímann,
- c. feril viðkomandi fimm ár aftur í tímann,
- d. hvort möguleg hætta stafi af viðkomandi við störf hjá Fangelsismálastofnun eða í fangelsum ríkisins.

Endurtaka skal athuginina með reglulegu millibili og ekki sjaldnar en á fimm ára fresti, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016.

Fangelsismálastofnun er, eftir atvikum með aðstoð ríkislögreglustjóra, heimilt að eigin frumkvæði að gera úrtaksathugun á þeim sem staðist hafa bakgrunnsathugun meðan viðkomandi starfar hjá Fangelsismálastofnun og í fangelsum ríkisins. Jafnframt er Fangelsismálastofnun heimilt að hafa eftirlit með skráningum bakgrunnsathugaðra einstaklinga í málaskrá lögreglu eins lengi og þeir eru við störf og aðgangsheimildir þeirra eru í gildi. Láti einstaklingur af störfum skal eftirliti með honum í málaskrá lögreglu samkvæmt framangreindu ljúka.

Nú eru lögð fram gögn sem ekki teljast nægjanleg til að hægt sé að meta viðkomandi og hann hefur ekki sinnt ítrekaðri beiðni um frekari gögn eða upplýsingar og skal þá Fangelsismálastofnun hafna umsókn.

26. gr.

*Upplýsinga aflað úr upplýsingakerfi Alþjóðalögreglunnar  
eða annarra erlendra yfirvalda vegna bakgrunnsskoðunar.*

Fangelsismálastofnun skal senda beiðni um öflun upplýsinga, skv. c. lið 2. mgr. 10. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016, til embættis ríkislögreglustjóra til að unnt verði að gera bakgrunnsathugun á einstaklingi í samræmi við ákvæðið.

Hafi viðkomandi verið búsettur erlendis á síðastliðnum fimm árum eða er erlendur ríkisborgari skal afla gagna frá því ríki. Í slíkum tilvikum getur Fangelsismálastofnun krafist þess að viðkomandi skili sakavottorði gefnu út af viðkomandi ríki og skal það dagsett innan þriggja mánaða frá dagsetningu umsóknar.

27. gr.

*Mat á brotaferli vegna bakgrunnsskoðunar.*

Við ákvörðun um hvort skipa skuli, setja eða ráða umsækjanda til starfa hjá Fangelsismálastofnun eða í fangelsum ríkisins skal sérstaklega athuga brotaferil hans. Leggja skal til grundvallar upplýsingar úr skrá og upplýsingakerfum skv. 2. mgr. 10. gr. laga um fullnustu refsinga.

Hafi einstaklingur, hérlendis eða erlendis, verið dæmdur fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni eða vopnalögum skal að jafnaði synja honum um starf. Hafi einstaklingi, hérlendis eða erlendis, verið ákvörðuð sekt fyrir brot á framangreindum lögum, og/eða hann sé með ólokið mál í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi er lýtur að brotum á þeim lögum eða hefur gerst brotlegur gegn öðrum lögum er heimilt að synja honum um starf.

Komi í ljós við bakgrunnsathugun að lögregla hefur þurft að hafa endurtekin afskipti af einstaklingi vegna meintra brota hans getur Fangelsismálastofnun ákveðið að synja honum um starf hjá stofnuninni eða í fangelsum ríkisins.



28. gr.

*Skilyrði rafræns eftirlits.*

Telji Fangelsismálastofnun fanga hæfan til að nýta sér úrræði skv. 1. mgr. 31. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 en stofnun eða heimili telur hann ekki hæfan getur Fangelsismálastofnun engu að síður leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis skv. 33. gr. laganna enda uppfylli hann önnur skilyrði.

29. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 98. gr. laga um fullnustu refsinga, nr. 15/2016, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fullnustu refsinga nr. 961 8. nóvember 2005, með síðari breytingum.

*Dómsmálaráðuneytinu, 14. febrúar 2018.*

**Sigríður Á. Andersen.**

*Haukur Guðmundsson*

---

**B deild – Útgáfud.: 2. mars 2018**

## Reglugerð um afplánun sakhæfra barna

### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði og gildissvið.

##### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um fullnustu óskilorðsbundinna fangelsisdóma sakhæfra barna á aldrinum 15-18 ára þegar þau eru vistuð á heimili á vegum barnaverndaryfirvalda.

Reglugerð þessi gildir eftir því sem við á einnig um fullnustu óskilorðsbundinna fangelsisdóma barna á aldrinum 15-18 ára í fangelsi á vegum Fangelsismálastofnunar ríkisins.

Reglugerðin gildir einnig þegar um er að ræða börn á aldrinum 15-18 ára sem úrskurðuð hafa verið í gæsluvarðhald en slík vistun skal framkvæmd í samráði við rannsóknaraðila máls.

##### 2. gr.

##### *Skýringar.*

Með barni er í reglugerð þessari átt við einstakling á aldrinum 15-18 ára sem er hæft að lögum til að bera refsíábyrgð.

Með heimili barnaverndaryfirvalda er í reglugerð þessari átt við sérhæft meðferðarheimili sem rekið er á ábyrgð Barnaverndarstofu.

Með sérstökum ástæðum er í reglugerð þessari átt við ástæður er lúta að hagsmunum barnsins.

### II. KAFLI

#### Fullnusta óskilorðsbundinna fangelsisrefsinga.

##### 3. gr.

##### *Almennt.*

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur við refsidómum barna til fullnustu frá ríkissaksóknara. Barnaverndarstofu er skylt að hafa tiltækt sérhæft meðferðarúrræði sem getur veitt börnum skv. reglugerð þessari, sem hlotið hafa refsidóma, fullnægjandi meðferð á sama tíma og tryggt er öryggi þeirra og annarra vistmanna á heimilinu.

Barnaverndarstofu skal þá þegar tilkynnt um framkominn refsidóm. Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um upphaf afplánunar í samráði við Barnaverndarstofu.

Barnið er á ábyrgð barnaverndaryfirvalda meðan það dvelur á heimili á vegum Barnaverndarstofu.

4. gr.

*Vistun í fangelsi.*

Nú er það mat fagaðila að það sé barninu fyrir bestu að það sé vistað í fangelsi með vísan til sérstakra ástæðna er lúta að því í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og skal barnið þá vistað í fangelsi. Um vistun þess í fangelsi gilda almennar reglur.

Leitast skal við að vista barn í opnu fangelsi. Það skal njóta forgangs til meðferðar af hálfu fangelsisyrvalda. Fangelsimálastofnun upplýsir barnaverndarnefnd sem fer með málefni barnsins um afplánun barnsins í fangelsi. Barnaverndarnefnd fylgist með líðan barnsins meðan á afplánun stendur.

III. KAFLI

**Vistun á vegum Barnaverndarstofu.**

5. gr.

*Meðferð.*

Barnaverndarstofa ákveður meðferðarstað fyrir barnið á grundvelli sérstaks mats þar sem meðal annars skal líta til meðferðarþarfar, öryggissjónarmiða, lengdar og eðlis refsingarinnar.

Nú er barn í afplánun óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar hjá Barnaverndarstofu og skal það þá njóta sömu meðferðar og aðrir vistmenn sem á heimilinu dvelja. Ávallt skal vera í gildi sérstök áætlun um meðferð þess á meðan afplánun stendur sem meðferðarheimili setur í samvinnu við þá barnaverndarnefnd sem fer með mál barnsins og skal hún endurskoðuð eftir þörfum þess hverju sinni og stöðu þess í meðferð.

6. gr.

*Vistun í afmörkuðum hluta meðferðarheimilis.*

Nú sýnir barn í afplánun ógnandi hegðun eða er talið hættulegt sjálfu sér eða öðrum, hefur verulega truflandi áhrif á meðferð annarra vistmanna á heimilinu eða aðrar þarfir barnsins krefjast þess, og skal þá meðferðarheimilið leitast við að vista það á öðrum stað en aðra vistmenn á heimilinu, hafi önnur vægari úrræði samkvæmt þeim reglum sem gilda um starfsemi meðferðarheimila ekki komið að gagni.

Vistun í afmörkuðum hluta meðferðarheimilis kemur eingöngu til álita á grundvelli mats sérfræðings sem unnið er samkvæmt skilgreindu matstæki frá Barnaverndarstofu og skal aldrei standa lengur en nauðsyn krefur. Á meðan þeirri vistun stendur skal fara fram símat á þörf fyrir vistun afsíðis á grundvelli ástands barnsins og áhættuþátta auk getu og vilja barns til að taka þátt í almennu meðferðarstarfi heimilisins.

Dvöl barns í afmörkuðum hluta heimilisins má ekki vera í refsingarskyni og hefur ekki áhrif á önnur réttindi þess, s.s. útivist, umgengni, skólasókn eða vinnu, eða stöðu þess í hvatningarkerfi meðferðarheimilisins.

Barnaverndarstofu skal án tafar tilkynnt um ákvörðun um að vista barn í afmörkuðum hluta meðferðarheimilis og hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun.

7. gr.

*Almennar reglur.*

Um vistun barns á meðferðarheimili gilda sömu reglur og almennt gilda um vistun annarra barna á meðferðarheimilum undir yfirumsjón Barnaverndarstofu, að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum eða reglugerð þessari.

Um meðferð barna í afplánun á heimili á vegum barnaverndarstofu og þjónustu við þau gilda að öðru leyti allar almennar reglur um vistun barna á meðferðarheimilum, samkvæmt barnaverndarlögum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim. Um ágreining sem upp kann að koma um inntak meðferðar eða aðra slíka þætti meðan vistun varir fer samkvæmt barnaverndarlögum.

8. gr.

*Strok.*

Strjúki barn af heimili Barnaverndarstofu skal það tilkynnt Fangelsismálastofnun ríkisins. Í tilkynningu til fangelsismálastofnunar skal koma fram hver strauk, hvenær, auk almennrar lýsingar á fatnaði barns.

Fangelsismálastofnun hefur samband við lögreglu og gefur út handtökuskipun á barnið.

Lögreglan skal færa barnið að nýju til heimilis á vegum Barnverndarstofu.

#### IV. KAFLI

##### **Ýmis ákvæði.**

9. gr.

*Reynslulausn.*

Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um reynslulausn barns í samráði við Barnaverndarstofu. Um reynslulausn gilda almennar reglur laga um fullnustu refsinga.

10. gr.

*Lok vistunar hjá Barnaverndarstofu.*

Nú verður barn 18 ára gamalt meðan það er í vistun á heimili á vegum Barnaverndarstofu án þess að afplánun sé lokið og skal þá bjóða því áframhaldandi afplánun á heimili Barnaverndarstofu ellegar verður það flutt í fangelsi ríkisins. Einstaklingur getur þó ekki afplánað í úrræði á vegum Barnaverndarstofu lengur en til tvítugs.

Nú lýkur fullnustu refsingar áður en barn verður 18 ára og skal þá barnaverndarnefnd sem fer með mál barnsins meta í samráði við Barnaverndarstofu og meðferðarheimilið sem barnið er vistað á hvort rétt sé að vista það áfram á grundvelli barnaverndarlaga.

12. gr.

*Eftirlit Barnaverndarstofu.*

Um starfsemi meðferðarheimilisins gilda ákvæði barnaverndarlaga hvað varðar starfsemi heimilisins og þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Barnaverndarstofa skal hafa sama eftirlit með afplánun barns á meðferðarheimili á vegum stofnunarinnar og með öðrum börnum sem eru í meðferð á slíku heimili.

Reglur Barnaverndarstofu gilda um eftirlit með starfsemi heimila og meðferð mála sem kunna að koma upp, þar á meðal vegna kvartana vistmanna sem dveljast á heimilinu.

13. gr.

*Þjálfun starfsmanna.*

Starfsmenn meðferðarheimilis, sem sinnir verkefnum samkvæmt reglugerð þessari, skulu hafa hlotið sérstaka grunnþjálfun áður en börn hefja afplánun á

meðferðarheimilinu. Einnig skal stefnt að því að einn starfsmaður meðferðarheimilisins hafi lokið grunnnámi í fangavarðaskólanum. Rekstraraðilar meðferðarheimilisins skulu að sama skapi leggja sig fram um að veita starfsmönnun tækifæri til að efla þekkingu sína og þjálfun með endurmenntun þar sem slíku verður við komið.

14. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 14. gr. og 80. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, sbr. lög nr. 19/2013, öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 21. maí 2015.*

**Ólöf Nordal**

*Ragnhildur Hjaltadóttir*

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2015



## Fangelsið Hólmsheiði

Nesjavallaleið 9 110 Reykjavík

sími: 520 5060 / 520 5061

vardstjorihh@fangelsi.is www.fangelsi.is

# Húsreglur í Fangelsinu Hólmsheiði

1. gr.

### *Bókasafn*

Fangar geta haft aðgang að bókasafni fangelsisins alla virka daga frá kl. 9:00 til kl. 12:00 og frá kl. 13:00 til kl. 16:00. Bókasafnið er lokað á sunnudögum.

Fangi getur sótt um frekari aðgang í tengslum við nám sitt. Forstöðumanni er heimilt að rýmka opnunartímann í ákveðnum tilvikum, svo sem á próftímabilum.

Útlán eru skráð og fjöldi útlánsbóka hverju sinni er háður samþykki fangavarða. Útlánstími getur að hámarki verið einn mánuður nema um annað sé samið.

Heimilt er að nota bókasafnið undir aðra starfsemi.

2. gr.

### *Dagpeningar og þóknun*

Fangi skal fá greidda dagpeninga og/eða þóknun vikulega inn á innistæðukort sitt og fær hann greiðslukvittun því til staðfestingar.

3. gr.

### *Deildir*

Fanga er óheimilt að fara inn á aðra deild en þá sem klefi hans er á. Fangar á hverri deild sjá um þrif, matseld og umhirðu á eigin fangadeild. Þrif skulu fara fram daglega.

Varðstjóri velur einn fanga á hverri deild sem deildarformann sem sinna skal ákveðnum verkum fyrir deildina, svo sem innkaupum í verslun, eftirliti með þrifum o.fl., samkvæmt ákvörðun varðstjóra. Deildarformaður fær greidda þóknun fyrir vinnu sína samkvæmt reglugerð um þóknun fyrir vinnu og nám og dagpeninga til fanga nr. 162/2017.

4. gr.

### *Heilbrigðisþjónusta*

Læknir, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og félagsráðgjafi koma að jafnaði einu sinni til tvisvar sinnum í viku í fangelsið.

Til að fá viðtal við heilbrigðisstarfsmann þarf fangi að panta tíma hjá fangavörðum sem veita jafnframt nánari upplýsingar um tímasetningar.

5. gr.  
*Heimsóknir*

Heimsóknir í fangelsinu fara fram á eftirtöldum tímum:

*Þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og sunnudögum:*

Kl. 09:30 – kl. 11:30

Kl. 13:30 – kl. 15:30

Fangi skal sækja um heimsókn fyrir kl. 12:00 tveimur dögum fyrir áætlaðan heimsóknartíma. Umsóknum skal skilað í póstkassa á fangadeild.

Gestir verða að vera komnir í fangelsið innan klukkustundar eftir að heimsóknartími hefst. Ef fangi fær fleiri en einn gest í heimsókn skulu heimsóknargestir mæta á sama tíma.

Fangi má bjóða gestum sínum upp á gos, sælgæti eða annað sem hann kaupir í verslun fangelsisins. Gestum er óheimilt að koma með veitingar inn í fangelsið. Fangar mega ekki taka með sér neysluvörur til baka inn í fangelsið að heimsókn lokinni.

Gestir þurfa að skilja eigur sínar, svo sem farsíma og tölvur, eftir í vörslu fangelsisins á meðan heimsókn fer fram.

Þegar fangi fer á ný inn á fangadeild að lokinni heimsókn skal hann undirgangast leit.

6. gr.  
*Íþróttasalur*

Aðgangur fanga að íþróttasal er samkvæmt gildandi stundatöflu á hverjum tíma, sem hangir uppi á fangadeildum.

Karl- og kvenfangar mega ekki vera saman í íþróttasal.

Ekki mega vera fleiri en sex fangar í íþróttasal í einu nema með sérstöku leyfi forstöðumanns eða varðstjóra.

7. gr.  
*Klefar*

Almennir fangaklefar eru opnaðir kl. 08:00 og þeim lokað kl. 22:00.

Fangi má ekki fara inn á klefa hjá öðrum fanga.

Fangar eiga að ganga snyrtilega um klefa sína og eru ábyrgir fyrir ástandi þeirra.

Fanga er heimilt að hafa á klefa sínum eigin fatnað og snyrtivörur samkvæmt reglum sem um það gilda. Ekki er heimilt að hafa meira magn en reglur fangelsisins segja til um.

Við brottför úr fangelsinu skal fangi ganga snyrtilega frá klefa sínum og taka eigur sínar, óhrein rúmföt og rusl. Fangi skal ganga frá óhreinum rúmfötum og rusli á þar til gerða staði.

8. gr.  
*Reykingar*

Reykingar eru bannaðar innanhúss í öllu fangelsinu.  
Fangi má ekki nota reyktóbak inni á klefa sínum.  
Heimilt er að reykja utandyra, þ.e. á reyksvölum, í innigörðum og í útigörðum.  
Einungis er heimilt að nota tóbaksvörur sem fangi kaupir í verslun fangelsisins. Ekki er heimilt að nota rafsígarettur „veip“ í fangelsinu.  
Fangar skulu nota stubbahús til að losa sig við sígarettu- eða vindlastubba.  
Hvers kyns eldfæri eru bönnuð í fangelsinu.  
Heimilt er að nota ýmsar nikótínvörur, svo sem plástra og tyggjó, sem seldar eru í verslun fangelsisins.

9. gr.  
*Samskipti kynja*

Karl- og kvenfangar eru á aðskildum deildum en þeim er heimilt að taka þátt í daglegu starfi saman, svo sem í skóla og vinnu.

10. gr.  
*Símar*

Símar sem fangar geta hringt úr eru aðgengilegir á hverri deild. Heimilt er að nota símana frá kl. 8:00 til kl. 21:30.  
Símsvari tekur við innhringingum til fanga. Lesið er af símsvara kl. 08:00, 12:00, 17:00 og 20:00 og skilaboðum komið til viðkomandi fanga.  
Fangi greiðir fyrir símtöl með símkorti sem hann kaupir í verslun fangelsisins. Fangi þarf þó ekki að greiða fyrir símtöl við lögmann sinn, ráðuneyti, Umboðsmann Alþingis, Fangelsismálastofnun og sendiráð/ræðismann lands síns en til þess skal hann nota síma sem staðsettur er við varðstofu.

11. gr.  
*Tölvur*

Forstöðumaður getur heimilað fanga að hafa ónettengjanlega leikjatölvu á klefa sínum. Forstöðumaður getur heimilað fanga, sem stundar nám eða vinnu sem krefst aðgengis að tölvu, að hafa aðgang að nettengdri tölvu, í eigu fangelsisins, í skólastofu samkvæmt stundaskrá.  
Forstöðumaður getur heimilað fanga að hafa aðgang að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými fangelsisins samkvæmt sérstökum reglum Fangelsismálastofnunar.



13. gr.  
**Útivist**

Útivistarsvæði fangelsisins er þrískipt:

**Reykswalir:**

Opnar alla daga frá kl. 08:00 til kl. 21:30. Forstöðumaður getur takmarkað aðgang að reykswölum að gefnu tilefni.

**Innigarðar (garðar sem eru utandyra en afmarkaðir af veggjum fangelsisins):**

Opnir í a.m.k. eina klukkustund á dag á tíma sem fangar sinna ekki námi og vinnu.

**Útigarðar:**

Opnir í a.m.k. eina klukkustund á dag.

Varðstjóri stýrir opnunartímum í inni- og útigörðum. Ef enginn fangi vill fara í útivist skal bóka það.

14. gr.  
**Verslun**

Fangi kaupir vörur úr verslun fangelsisins með því að fylla út pöntunarlista og greiðir fyrir þær með sérstöku greiðslukorti sem hann fær við komu í fangelsið.

Fangi getur pantað vörur úr verslun tvisvar sinnum í viku á nánar tilgreindum dögum og þarf hann að skila pöntunarlista sínum með eins dags fyrirvara til deildarformanns. Í versluninni er hægt að kaupa matvöru og vörur til persónulegra nota.

Deildarformaður hefur yfirumsjón með því að koma pöntunarlistum fanga í póstkassa á réttum tíma.

Vörur eru afhentar föngum á deildum þeirra.

15. gr.  
**Vinna í fangelsi**

Fanga er rétt og skylt að stunda vinnu í fangelsi, svo sem við þrif á sameiginlegum rýmum á deildum og göngum, vinnu í sameiginlegu þvottahúsi og við ýmis viðhalds- og lóðarverkefni auk annarra verkefna samkvæmt ákvörðun forstöðumanns.

16. gr.  
**Þvottur**

Fangi hefur aðgang að þvottaherbergi, með þvottavél og þurrkara, á sinni deild. Þvottaherbergi eru opin frá kl. 08:00 til kl. 21:00. Þar skal fangi þvo allan sinn þvott, rúmfatnað og annað tau sem er í eigu fangelsisins.

Fanga ber að ganga snyrtilega um þvottaherbergið og má hann ekki geyma þar eigin muni að óþörfu. Deildarformaður á hverri deild hefur yfirumsjón með þvottaherbergi.

Rúmfatnaður og annað tau einangrunarfanga, sem er í eigu fangelsisins, er þvegið í sameiginlegu þvottaherbergi. Sama gildir þegar fangi yfirgefur fangelsið.

17. gr.

***Gildistaka***

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi húsreglur í Fangelsinu Hólmsheiði, dags. 15. nóvember 2016.

Fangelsið Hólmsheiði, 25. september 2018

Guðmundur Gíslason (sign.)



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Nr. 600

1. júní 2016

### Reglur fangelsa

#### 1. gr. *Vinna og nám*

Eftir að fangi hefur afplánun skal hann starfa að þeim verkefnum sem honum eru falin, enda sé hann talinn vinnufær að mati læknis og að því tilskildu að verkefni séu fyrir hendi í fangelsinu. Vinnuskylda er alla virka daga nema laugardaga. Reglulegt nám getur komið í stað vinnu.

#### 2. gr. *Framkoma fanga*

Fanga ber að koma kurteislega fram við starfsfólk fangelsisins og hlýða fyrirmælum þess. Fanga er óheimilt að hindra fangaverði eða aðra starfsmenn í að gegna skyldustörfum sínum. Einnig er óheimilt að sýna fólki sem á lögmæt erindi í fangelsið áreiti, ókurteisi eða ofbeldi. Telji fangi sig beittan órétti, getur hann sent kvörtun til forstöðumanns fangelsis.

Fanga ber að sýna tillitssemi og kurteisi í umgengni við samfanga sína. Telji fangi sig órétti beittan af samfanga, getur hann sent kvörtun til varðstjóra.

Fangi skal ekki hvetja samfanga sína til mótþróa við starfsfólk fangelsisins né til þess að brjóta gegn settum reglum.

Fangi skal aldrei beita samfanga eða starfsfólk fangelsisins ofbeldi.

#### 3. gr. *Umgengni*

Fanga ber að halda klefa sínum hreinum og snyrtilegum. Rúmföt skulu vera í þar til gerðri geymslu þegar þau eru ekki í notkun. Hið sama gildir um skó og fatnað. Óheimilt er að hengja myndir, blöð eða aðra muni annars staðar en á þar til gerðri töflu í klefanum. Fangi skal ganga snyrtilega um húsnæði og lóð fangelsisins og gæta þess að valda ekki tjóni á eigum þess. Á hverri deild fangelsisins skulu fangar annast sameiginleg þrif og ræstingar sameiginlegs húsnæðis og sjá um að í eldhúsi, matsal, setustofu og innigarði deildarinnar sé ávallt allt í röð og reglu.

#### 4. gr. *Reykingar*

Reykingar eru bannaðar innanhúss í öllum fangelsum. Þó getur forstöðumaður leyft föngum að reykja á eigin klefa fyrir luktum dýrum.

5. gr.  
*Búnaður*

Nú er búnaður sem fangi er með í klefa sínum í eigu fangelsis og skal hann leigður út gegn vægu gjaldi. Greiði fangi ekki leigu fyrir slíkan búnað fær hann ekki lengur afnot af honum.

Fanga er óheimilt að hindra, breyta eða trufla starfsemi búnaðar í fangelsinu, svo sem myndavéla, hljóð- og kallkerfa, loftræstikerfa og annarra lagnakerfa.

6. gr.  
*Hávaði*

Fanga ber að takmarka hávaða frá útvarpi, sjónvörpum eða öðrum hljómtækjum svo sem mögulegt er. Æskilegt er að nota heyrnartól.

7. gr.  
*Símanotkun*

Við notkun á síma í fangelsinu skal fangi viðhafa almenna kurteisi. Hvers konar misnotkun á síma er óheimil. Með misnotkun er meðal annars átt við að fangi noti síma í þeim tilgangi að ógna eða hóta einstaklingum líkamsmeiðingum eða skemmdum á eignum eða hafi í frammi orðalag sem er til þess fallið að hræða viðkomandi.

8. gr.  
*Vímuefni, lyf, ólöglegir munir o.fl.*

Fanga er óheimilt að neyta áfengis, ávana- og fíkniefna, fæðubótarefna og lyfja, annarra en þeirra sem ávísuð eru af fangelsislæknum og taka ber á lyfjatíma samkvæmt heimild forstöðumanns. Fanga er jafnframt óheimilt að afla sér, veita viðtöku eða aðstoða aðra fanga við að komast yfir framangreint. Söfnun lyfja er óheimil þ.e. lyf sem ætluð eru til inntöku á tilsettum lyfjatímum er óheimilt að geyma til inntöku síðar.

Fanga er óheimilt að nota, afla sér, veita viðtöku eða aðstoða aðra fanga við að komast yfir hvaðeina sem bannað er í fangelsinu svo sem áhöld, verkfæri, síma og önnur fjarskiptatæki.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslu sinni hvers kyns muni sem raskað geta ró, reglu eða öryggi í fangelsi.

Fanga er óheimilt að klæðast fatnaði sem raskað getur ró, reglu eða öryggi í fangelsi.

Fanga er óheimilt að hafa í vörslu sinni hvers kyns efni sem inniheldur barnaklám, kynferðisathafnir er tengjast ofbeldi eða tilburði til slíks með bönnum eða dýrum, hvers kyns klámmyndir og annað efni er sýnir afbrigðilegt kynlíf. Óheimilt er að færa inn á fangaklefa nokkuð það sem tilheyrir sameiginlegum vistarverum fanga, svo sem úr setustofu eða matsal.

9. gr.  
*Strok*

Fanga er óheimilt að fara burt af fangelsissvæðinu nema að fengnu leyfi fangelsisyrivalda eða í fylgd fangavarða. Reyni fangi að dyljast innan fangelsissvæðisins á hann á hættu að vera beittur agaviðurlögum eins og um strok væri að ræða.

10. gr.

*Tjón á lausafé og fasteignum ríkisins*

Fangi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hann veldur á lausafé og fasteignum ríkisins og verður haldið eftir af þóknun hans eða dagpeningum til greiðslu skaðabóta.

11. gr.

*Reglur*

Fangi skal í einu og öllu fara að settum lögum um fullnustu refsinga og reglugerðum settum samkvæmt þeim, svo og öðrum reglum sem kunna að verða settar af fangelsisfyrirvöldum.

12. gr.

*Brot á reglum*

Brot gegn ofanskráðum reglum varða viðurlögum skv. 73. og 74. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga og geta auk þess m.a. haft áhrif á afgreiðslu beiðna um dagsleyfi, fjölskylduleyfi, vistun utan fangelsis, rafrænt eftirlit og reynslulausn. Einnig getur komið til brottflutnings af deild eða í annað fangelsi við brot á reglum.

13. gr.

*Gildistími*

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur fangelsa nr. 54 10. janúar 2012 ásamt síðari breytingu.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 1. júní 2016

Páll E. Winkel (sign.)

B deild – Útgáfud.: 5. júlí 2016

## Reglugerð um þóknun fyrir vinnu og nám og dagpeninga til fanga

### 1. gr.

Fyrir störf afplánunarfanga í fangelsum skulu þeir hljóta eftirfarandi þóknun:

1. Fyrir öll störf fanga skal greiða 415 krónur á klukkustund.
2. Fyrir skólasókn skal greiða 415 krónur á klukkustund.
3. Hámark er á tímafjölda greiddra klukkustunda á hvern fanga á viku fyrir skólasókn eða sem samsvarar að jafnaði 20 klst. m.v. 100% skólasókn og námsframvindu.
4. Hámarkstímafjöldi fanga á viku fyrir ræstingar er að jafnaði 28 klst.
5. Samanlagður tímafjöldi fyrir nám og öll önnur störf skal að jafnaði ekki fara umfram 40 klst. á viku á hvern fanga.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum 3. tl. stundi fangi mikið nám þó þannig að greiðslur fyrir samanlagða vinnu og nám sé að jafnaði ekki umfram 40 klst. á viku. Óski Fangelsismálastofnunar eftir eða samþykki vinnuframlag fanga umfram hámark samkvæmt þessari grein er greitt fyrir það.

### 2. gr.

Þegar gæsluvarðhaldsfangar vinna í fangelsum skal þeim greidd þóknun fyrir störf sín með sama hætti og að ofan greinir.

### 3. gr.

Nú er ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnu-skyldu eða námi, skal hann fá greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fjárhæð dagpeninga fanga, sbr. 27. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, skal vera 630 krónur á dag. Dagpeningar skulu einungis greiddir virka daga frá mánudegi til föstudags.

### 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. mgr. 98. gr. og 27. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um þóknun fyrir vinnu og nám og upphæð dagpeninga fanga nr. 1160/2016.

*Innanríkisráðuneytinu, 9. febrúar 2017.*

**Sigríður Á. Andersen**  
dómsmálaráðherra.

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

# Reglur um heimsóknir í fangelsi

## Verklagsreglur til viðmiðunar

### 1. gr.

#### *Markmið*

Markmið reglna þessara er að tryggja að heimsóknir í fangelsi séu samkvæmt lögum og reglugerð um fullnustu refsinga, barnalögum, barnaverndarlögum og jafnframt að stuðla að góðri reglu, ró og öryggi í fangelsi og til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

### 2. gr.

#### *Smygl á lyfjum, ávana- og/eða fíkniefnum í fangelsi*

Nú er heimsóknargestur staðinn að því að smygla lyfjum eða ávana- eða fíkniefnum í fangelsi og skal þá synja um heimsóknina.

Nú er heimsóknargestur staðinn að því að smygla hlut í fangelsi sem óheimilt er að hafa í fangelsi og skal þá synja um heimsóknina.

Nú sækir fangi um heimsókn að nýju fyrir maka eða náinn ættingja sem staðinn hefur verið að smygli og skal þá að jafnaði heimila heimsókn. Skál slík heimsókn að jafnaði fara fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga í allt að tólf mánuði frá því að brotið átti sér stað.

Nú sækir fangi um heimsókn að nýju fyrir aðra en maka eða náinn ættingja sem staðinn hefur verið að smygli og skal þá að jafnaði synja um heimsókn nema mjög sérstakar ástæður mæli með öðru svo sem ef langt er liðið frá brotinu og slíkt telst ráðlegt með hliðsjón af tilgangi heimsóknna. Skál slík heimsókn þá að jafnaði fara fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga.

### 3. gr.

#### *Undir áhrifum áfengis, lyfja eða ávana- og fíkniefna*

Nú er fangi eða heimsóknargestur grunaður um að vera undir áhrifum áfengis, lyfja eða ávana- og fíkniefna og skal þá synja um heimsóknina.

### 4. gr.

#### *Kærður fyrir alvarlegt brot*

Nú er heimsóknargestur kærður fyrir fíkniefnabrot eða annað alvarlegt brot og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort heimsókn skuli heimiluð. Ef slík heimsókn er heimiluð skal hún að jafnaði fara fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða maka eða náinn ættingja og aðrar ástæður mæla ekki gegn heimsókninni.

5. gr.  
*Í afplánun*

Nú er heimsóknargestur í afplánun utan fangelsa, svo sem á áfangahæmili, í meðferð eða í samfélagsþjónustu og skal þá að jafnaði synja um heimsóknina. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða maka eða náinn ættingja og aðrar ástæður mæla ekki gegn heimsókninni.

6. gr.  
*Í boðun til afplánunar*

Nú er heimsóknargestur í boðun til afplánunar og skal þá að jafnaði synja um slíka heimsókn. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða maka eða náinn ættingja og aðrar ástæður mæla ekki gegn heimsókninni.

7. gr.  
*Slæm hegðun í fyrri afplánun*

Nú hefur heimsóknargestur á síðastliðnum 12 mánuðum afplánað fangelsisrefsingu og sýnt af sér slæma hegðun í afplánun eða samfélagsþjónustu svo sem vegna neyslu lyfja eða ávana- og fíkniefna og skal þá sýna sérstaka gát við mat á því hvort heimsókn skuli heimiluð.

8. gr.  
*Einstaklingar sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi*

Nú er heimsóknargestur meðlimur í Hells Angels, Outlaws eða öðru sambærilegu félagi og skal þá synja um slíka heimsókn. Ef um er að ræða maka eða náinn ættingja fanga má heimila slíka heimsókn ef hún telst ráðleg með hliðsjón af tilgangi heimsókna og aðrar ástæður mæla ekki gegn henni. Skal hún þá að jafnaði fara fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga.

9. gr.  
*Leit á heimsóknargesti*

*Fíkniefnahundur:* Nú merkir fíkniefnahundur lyfja,- ávana- eða fíkniefnalykt á heimsóknargesti og skal þá leita á honum enda samþykki hann það.

*Áður uppvís að smygli:* Nú hefur heimsóknargestur áður verið staðinn að því að smygla lyfjum eða ávana- eða fíkniefnum í fangelsi eða öðru sem óheimilt er að hafa í fangelsi og skal þá leita á honum enda samþykki hann það.

*Samþykkir ekki leit:* Nú samþykkir heimsóknargestur ekki leit á sér og skal þá að jafnaði synja um heimsókn nema þegar um er að ræða náinn ættingja eða maka. Skal þá heimsókn að jafnaði fara fram undir eftirliti starfsmanns eða í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga.



## 10. gr. *Börn*

Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir um heimsóknir þess í fangelsi. Hagsmunir barns vega því ávallt þyngra en hagsmunir fangans.

Skilyrði þess að samþykkja megi heimsókn frá barni:

1. Að fanginn sem óskar eftir heimsókninni hafi verið agabrotalaus í einn mánuð áður en heimsókn fer fram.
2. Að fanginn hafi stundað nám, vinnu eða verið á meðferðargangi síðasta mánuðinn enda hafi slíkt staðið honum til boða í fangelsinu eða verið í annarri virkni sem fangelsið metur sambærilega.
3. Að fanginn teljist hæfur að öðru leyti til að fá heimsókn frá barni.
4. Að fyrir liggi forsjárvottorð frá Þjóðskrá Íslands. Ef langur tími er liðinn frá útgáfu forsjárvottorðs eða grunur er um að breyting hafi orðið á forsjánni er heimilt að krefjast nýs vottorðs.
5. Að fyrir liggi upplýst samþykki forsjáraðila um samskipti við barnavernd þar sem kannað er hvort barn sé vistað utan heimilis á þeirra vegum.
6. Að félagsráðgjafi hjá Fangelsismálastofnun hafi rætt við báða forsjáraðila barnsins um fyrirhugaða heimsókn. Sé annar forsjáraðilinn sá sem óskar eftir heimsókninni er heimilt að víkja frá skilyrðinu varðandi hann.

Viðbótarskilyrði í sérstökum tilvikum:

7. Afpláni fanginn refsingu fyrir kynferðisbrot gegn barni eða heimilisofbeldi gegn barni eða foreldri þess, sæti gæsluvarðhaldi grunaður um slíkt brot eða er vistaður á öryggisdeild skal ekki heimila heimsókn frá barni nema sérstakar ástæður mæli með því út frá hagsmunum barnsins að mati fagaðila, s.s. barnaverndar.
8. Hafi heimsókn þar sem barn er með í för verið misnotuð með einhverjum hætti, s.s. ef fangi eða gestur hans hafa reynt að smygla inn fíkniefnum, lyfjum eða öðrum hlutum sem bannað er að vera með í fangelsi, skal fanginn að jafnaði ekki fá heimsókn frá barni í þrjá mánuði frá atvikinu Fangelsi skal þegar í stað þegar slíkt tilvik kemur upp, í samvinnu við félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar, tilkynna viðkomandi barnavernd um misnotkunina á heimsókn. Þá skal a.m.k. fyrsta heimsókn eftir slíkt atvik fara fram undir eftirliti fangavarða. Enn fremur skal félagsráðgjafi ræða við fangann áður en ákvörðun um heimsókn að nýju er tekin.

Séu framangreind skilyrði ekki uppfyllt ber **að jafnaði** að synja um heimsóknina. Þó er heimilt er að gera undantekningu frá 1. og 2. tölul. ef fanginn er nýkominn í fangelsi og uppfyllir önnur skilyrði ákvæðisins.

Ef ástæða er til að ætla að barn sem kemur í heimsókn í fangelsi búi við óviðunandi uppeldisaðstæður eða verði fyrir áreitni eða ofbeldi skal fangelsið tilkynna viðkomandi barnavernd um málið. Einnig er skylt að gera barnavernd viðvart um hvert það tilvik sem telja má að hún eigi að láta sig varða.

## 11. gr. *Heimsóknir vina í lokuð fangelsi*

Fangi sem afplánar í lokuðu fangelsi getur fengið heimsóknir frá vinum aðra hverja viku nema í sérstökum tilvikum.

Heimilt er að veita undanþágu fyrir frekari heimsóknum vina ef þeir hafa komið í heimsókn í a.m.k. 4 skipti án vandkvæða og aðrar ástæður mæla ekki gegn slíkum heimsóknum.

Í undantekningartilvikum getur forstöðumaður heimilað vinaheimsókn með styttra millibili ef mjög sérstakar ástæður mæla með, s.s. ef vinur á sannarlega um mjög langan veg að fara.

Heimsóknir vina í lokuð fangelsi skulu að jafnaði fara fram án líkamlegrar snertingar í fyrstu tvö skiptin, þ.e. í glerheimsóknaraðstöðu fangelsisins sé slík aðstaða til staðar. Sé slík aðstaða ekki til staðar skal heimsóknin að jafnaði fara fram undir eftirliti fangavarða.

## 12. gr.

### *Meðferð máls*

Fangi sækir um heimsókn til forstöðumanns sem ákveður hvort heimsókn fari fram.

Nýr fangi skal að jafnaði ekki fá heimsóknir fyrr en á sjöunda degi afplánunar. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða náinn ættingja eða maka og fanginn hefur ekki orðið uppvis að agabroti frá því að afplánun hófst.

Við ákvörðun skal sérstaklega athugað hvort grunur leikur á að heimsókn verði misnotuð.

Nú er heimsókn bönnuð eða ákveðið er að hún fari fram undir eftirliti, í öðrum vistarverum fangelsis eða með því að banna líkamlega snertingu gests og fanga og skal þá rökstyðja slíka ákvörðun skriflega, bóka hana og leiðbeina um kæruleið. Nú er ástæða synjunar vegna upplýsinga um gestinn sem fengnar eru úr málaskrá lögreglu og er þá óheimilt að upplýsa fangann um það.

Heimilt er að rjúfa heimsókn ef það þykir nauðsynlegt til að viðhalda góðri reglu og öryggi í fangelsi eða til að koma í veg fyrir refsiverðan verknað.

Lögreglu skal gert viðvart ef grunur leikur á refsiverðum verknaði.

## 13. gr.

### *Gildistaka*

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um heimsóknir í fangelsi, dags. 24. október 2017.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 23. desember 2020.

Páll E. Winkel (sign.)



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Nr. 1461

1. desember 2021

# Reglur um fyrirkomulag og notkun nettengdra tölva og síma í lokuðum fangelsum

### 1. gr.

Fanga í lokuðu fangelsi er óheimilt að hafa nettengda tölvu í klefa sínum. Honum er heimilt, samkvæmt ákvörðun forstöðumanns, að hafa aðgang að nettengdri tölvu í sameiginlegu rými fangelsis á nánar tilgreindum tímum.

Tilgangurinn með því að leyfa fanga að hafa aðgang að nettengdri tölvu í lokuðum fangelsum er að gera honum kleift að fylgjast með gangi þjóðmála, að sinna persónulegum erindum við opinberar stofnanir og að sinna námi sínu og/eða vinnu.

### 2. gr.

Óheimilt er að nýta nettengingu til að ræða um, birta eða senda frá sér nokkurt efni er varðar samfanga, starfsmenn eða starfsemi fangelsis. Jafnframt er óheimilt að taka þátt í umræðu í gegnum netið, svo sem í gegnum athugasemdakerfi fjölmiðla.

Óheimilt er að nýta aðrar nettengingar en þær sem fangelsið útvegar.

Fangi er ábyrgur fyrir allri þeirri netnotkun sem fer í gegnum þá nettengingu sem hann er skráður fyrir.

### 3. gr.

Fanga er með öllu óheimilt að halda úti eða nýta samskiptamiðla eða eigin vefsíður, líkt og Facebook, Twitter, Instagram, Snapchat, einkamálasíður, einkamálaauglýsingar sem og aðrar vefsíður og miðla sem samræmast ekki tilgangi reglnanna. Fangi ber ábyrgð á eigin vefsíðum og samskiptamiðlum.

### 4. gr.

Fanga er með öllu óheimilt að nýta nettengingu til að nálgast eða hafa í vörslu sinni klámfengið, ofbeldisfullt eða ólöglegt efni.

### 5. gr.

Beint niðurhal af netinu á til dæmis myndefni, hljóðskrár eða öðru sambærilegu efni er aðeins heimilt ef það samræmist tilgangi reglnanna. Nettengingu má ekki nota til þess að ná í afþreyingarefni svo sem bíómyndir, sjónvarpsþætti, tölvuleiki eða annað sambærilegt efni.

6. gr.

Netnotkun og netumferð er skráð með þar til gerðum eftirlitsbúnaði. Fanga er með öllu óheimilt að nota hugbúnað til að fela netnotkun sína eða til að koma í veg fyrir skráningu netnotkunar, s.s. vpn-tengingu. Fanga er óheimilt að eyða eða fela netnotkunarsögu (history) í búnaði sínum.

7. gr.

Símar í lokuðum fangelsum eru staðsettir á hverri deild og eru símatímar samkvæmt húsreglum hvers fangelsis.

Fanga í lokuðum fangelsum er óheimilt að vera með síma í fórum sínum.

8. gr.

Brot gegn ofanskráðum reglum varða viðurlögum skv. 73. og 74. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga og geta auk þess meðal annars haft áhrif á afgreiðslu beiðna um vistun í opnu fangelsi, dagsleyfi, fjölskylduleyfi, vistun utan fangelsa, rafrænt eftirlit og reynslulausn. Einnig getur komið til brottflutnings af deild eða í annað fangelsi við brot á reglum.

9. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun og byggjast á heimild í 56. sbr. 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirkomulag og notkun nettengdra tölva og síma í lokuðum fangelsum nr. 1341/2016.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 1. desember 2021

Páll E. Winkel (sign.)

# Reglur um vistun í opnum fangelsum

## Verklagsreglur til viðmiðunar

### 1. gr.

#### *Markmið*

Markmið reglna þessara er að tryggja að ákvarðanir um vistun í opnum fangelsum séu samkvæmt lögum og reglugerð um fullnustu refsinga og jafnframt að stuðla að því að fangar séu upplýstir um þau sjónarmið sem taka ber mið af við slíkar ákvarðanir.

### 2. gr.

#### *Sjónarmið við ákvörðun um vistun í opnu fangelsi*

Við val á því hvaða fangar vistast í opnum fangelsum er m.a. horft til aldurs þeirra, þess að þeir séu færir um að afplána við lágmarksgæslu og treystandi til að nýta þau réttindi sem þar eru, s.s. aukið netaðgengi, að þeir séu að búa sig undir að ljúka refsivist, [~~að þeir afpláni að jafnaði ekki lengur en þrjú ár í fangelsinu.~~]<sup>1)</sup> að þeir stundi vinnu eða nám og séu reiðubúnir til að taka virkan þátt í starfsemi fangelsisins.

### 3. gr.

#### *Agaviðurlög*

Gerist fangi sekur um agabrot í afplánun skal sýna sérstaka gát við mat á því hvort flytja eigi hann í opið fangelsi. Vistun í opnu fangelsi kemur að jafnaði ekki til skoðunar fyrr en í fyrsta lagi að þremur mánuðum liðnum frá agabroti. Heimilt er að gera undantekningu á því vegna mjög sérstakra persónulegra aðstæðna fanga, s.s. ungs aldurs hans.

### 4. gr.

#### *Gæsluvarðhaldsfangar*

Almennt skal ekki vista gæsluvarðhaldsfanga í opnum fangelsum. Þó er heimilt að víkja frá því í sérstökum tilvikum, s.s. vegna mjög ungs aldurs eða heilsubrests, enda uppfylli fanginn önnur skilyrði.

### 5. gr.

#### *Afplánun í opnu fangelsi*

Áður en að flutningi í opið fangelsi kemur skal fara yfir þær reglur sem þar gilda með fanganum. Í framhaldinu skal fanginn undirrita samkomulag um afplánun í opnu fangelsi þar sem hann skuldbindur sig til þess að fara eftir þeim reglum og taka virkan þátt í starfsemi fangelsisins. Jafnframt skal tekið þvagsýni af fanganum áður en að flutningi kemur.

### 6. gr.

#### *Brot á reglum*

Brjóti fangi reglur sem gilda í opnu fangelsi og/eða almennar fangelsisreglur getur það leitt til agaviðurlaga skv. 73. og 74. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga, þ.m.t. flutnings í lokað fangelsi. Slíkt getur einnig haft áhrif á afgreiðslu beiðna um dagsleyfi, fjölskylduleyfi, dvöl á Vernd, rafrænt eftirlit, reynslulausn o.fl.

### 7. gr.

#### *Gildistaka*

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um vistun í opnum fangelsum, dags. 6. febrúar 2017.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 16. janúar 2019

Páll E. Winkel (sign.)

---

1) Felld niður 11. maí 2022



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Nr. 1596

20. desember 2021

# Reglur um fyrirkomulag og notkun farsíma, nettengdra tækja og rafrænna geymslumiðla í opnum fangelsum

### 1. gr.

Fanga í opnu fangelsi er heimilt, samkvæmt sérstakri ákvörðun forstöðumanns, að hafa farsíma, nettengd tæki og rafræna geymslumiðla, s.s. flakkara eða usb-lykil, í klefa sínum á nánar tilgreindum tímum.

Tilgangurinn með því að leyfa fanga að hafa aðgang að nettengingu og farsíma í opnum fangelsum er að gera honum kleift að sinna fjarnámi eða vinnu sem samþykkt hefur verið af fangelsinu, eiga í samskiptum við fjölskyldu og nánustu aðstandendur, sinna persónulegum erindum við opinberar stofnanir og fylgjast með gangi þjóðmála.

### 2. gr.

Búnaður getur annað hvort verið í eigu fangans eða fangelsisins. Nýti fangi eigin búnað skal hann skoðaður og samþykktur af forstöðumanni áður en notkun hefst.

Fanga er óheimilt að hafa annan búnað, þ.m.t. annan farsíma eða aðrar nettengingar en samþykkt hefur verið eða útvegað af fangelsinu.

Fangi er ábyrgur fyrir allri notkun á þeim búnaði sem hann hefur heimild til að nota, sem og þeirri netnotkun sem fer í gegnum þá nettengingu sem hann er skráður fyrir.

### 3. gr.

Fanga er með öllu óheimilt að halda úti eða nýta samskiptamiðla eða eigin vefsíður, líkt og Facebook, Twitter, Instagram, Snapchat, einkamálasíður, einkamálaauglýsingar sem og aðrar vefsíður og miðla sem samræmast ekki tilgangi reglnanna.

Óheimilt er að birta eða senda frá sér nokkurt efni er varðar samfanga, starfsmenn eða starfsemi fangelsisins. Jafnframt er óheimilt að taka þátt í umræðu í gegnum netið, svo sem í gegnum athugasemdakerfi fjölmiðla.

### 4. gr.

Fanga er með öllu óheimilt að nýta nettengingu til að nálgast eða hafa í vörslu sinni klámfengið, ofbeldisfullt eða ólöglegt efni.

### 5. gr.

Beint niðurhal af netinu á til dæmis myndefni, hljóðskrár eða öðru sambærilegu efni er aðeins heimilt ef það samræmist tilgangi reglnanna. Nettengingu má ekki nota til þess að ná í afþreyingarefni svo sem bíómyndir, sjónvarpsþætti, tölvuleiki eða annað sambærilegt efni.

6. gr.

Netnotkun og netumferð er skráð með þar til gerðum eftirlitsbúnaði. Fanga er með öllu óheimilt að nota hugbúnað til að fela netnotkun sína eða til að koma í veg fyrir skráningu netnotkunar, s.s. vpn-tengingu. Fanga er óheimilt að eyða eða fela netnotkunar sögu (history) í búnaði sínum.

7. gr.

Forstöðumaður getur tekið ákvörðun um að skoða farsíma, nettengd raftæki og rafræna geymslumiðla ef grunur leikur á að þar sé að finna efni eða muni sem refsivert er að hafa í vörslum sínum, hafa orðið til við refsiverðan verknað, smyglað hefur verið í fangelsið eða fanga er óheimilt að hafa í vörslum sínum eða á klefa. Þá getur forstöðumaður einnig tekið ákvörðun um leit vegna almenns eftirlits. Fanga ber að afhenda starfsmanni fangelsisins þau lykilorð sem nauðsynleg eru svo skoðun geti átt sér stað. Geri hann það ekki getur slíkt haft áhrif á hæfi hans til að vera með slíkan búnað í fangelsinu og til að vistast í opnu fangelsi.

Ákvörðun um leit skal bókuð.

8. gr.

Að næturlagi er slökkt á nettengingu og skulu tölvur og farsímar á þeim tíma vera í þar til gerðum geymsluhólfum í fangelsinu.

9. gr.

Fangelsisyfirvöldum er heimilt að innheimta gjald fyrir afnot af farsíma og nettengingu til að standa undir rekstri netþjónustunnar.

10. gr.

Brot gegn ofanskráðum reglum varða viðurlögum skv. 73. og 74 .gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga og geta auk þess meðal annars haft áhrif á afgreiðslu beiðna um dagsleyfi, fjölskylduleyfi, vistun utan fangelsa, rafrænt eftirlit og reynslulausn.

11. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun og byggjast á heimild í 56. sbr. 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og öðlast þær þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um fyrirkomulag og notkun nettengdra tölva og farsíma í opnum fangelsum nr. 1340/2016.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 13. október 2020

Páll E. Winkel (sign.)



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Nr. 570

8. apríl 2021

# Reglur um afplánun á Áfangaheimili Verndar

### 1. gr.

Dómpoli, sem afplánar fangelsisrefsingu eða vararefsingu fésektar getur sótt um að afplána hluta hennar á Áfangaheimili Verndar, Reykjavík. Að jafnaði skal dvalartími á áfangaheimilinu ekki vera styttri en 3 vikur og skal dómpoli hafa afplánað a.m.k. 1/3 hluta afplánunartímans í fangelsi eða með samfélagsþjónustu áður. Þó er heimilt að leyfa dómpola að fara fyrr þegar svo stendur á sem greinir í 1. mgr. 5. gr. reglna þessara.

Þegar dæmd refsing er eitt ár eða minna getur dvalartími á áfangaheimilinu orðið allt að 3 mánuðir. Þegar dæmd refsing er yfir eitt ár lengist dvöl á áfangaheimilinu um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 7 mánuðir við 5 ára fangelsisrefsingu. Eftir það lengist dvölin um 5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið að hámarki 18 mánuðir þegar dæmd refsing er 10 ára og 6 mánaða fangelsi.

### 2. gr.

Aðili sem afplánar refsivist á Áfangaheimili Verndar skal reglulega stunda vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð sem Fangelsismálastofnun hefur samþykkt og er liður í aðlögun hans að samfélaginu að nýju. Vinnuveitanda, skólayfirvöldum eða meðferðaraðilum skal gert ljóst að viðkomandi sé að afplána refsivist og hafi samþykkt að eftirlit verði haft með því að hann stundi vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð.

Aðili skal greiða dvalar- og fæðiskostnað til áfangaheimilisins eins og hann er ákveðinn hverju sinni. Sama gildir um greiðslu annars kostnaðar sem hlýst af því að stunda vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð s.s. ferðakostnað og námsgögn.

### 3. gr.

Umsókn um afplánun hluta refsivistar á Áfangaheimili Verndar, skal senda til Fangelsismálastofnunar ríkisins. Í umsókn skal m.a. tilgreina væntanlegan vinnustað eða fyrirhugað nám, starfsþjálfun eða meðferð. Áður en umsókn er tekin til endanlegrar ákvörðunar skal leggja fram skriflega staðfestingu vinnuveitanda um ráðningu umsækjanda eða sambærilegar upplýsingar um nám, starfsþjálfun eða meðferð.

Fangelsismálastofnun metur hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til afplánunar á áfangaheimilinu. Telji stofnunin umsækjanda ekki uppfylla skilyrði til vistunar þar er sú ákvörðun kæránleg til dómsmálaráðuneytisins. Auk samþykkis Fangelsismálastofnunar er afplánun á áfangaheimilinu háð því skilyrði að húsnefnd Verndar samþykki umsóknina. Telji húsnefnd umsækjanda ekki hæfan til afplánunar á áfangaheimilinu er sú ákvörðun endanleg.

Það er forsenda fyrir því að aðili fái að afplána á áfangaheimilinu að hann samþykki þau skilyrði sem gilda um vistun þar og undirriti samning þar um.



#### 4. gr.

Skilyrði þess að unnt sé að fallast á afplánun á Áfangaheimili Verndar eru:

- a) Að aðili hafi ekki gerst sekur um agabrot í refsivistinni síðustu 3 mánuðina og að hegðun hans hafi að öðru leyti verið til fyrirmyndar.
- b) Strjúki aðili úr gæsluvarðhaldi eða afplánun í fangelsi skulu líða a.m.k. tvö ár þar til hann telst hæfur til dvalar á Vernd.
- c) Að í refsivörslukerfinu sé ekki til meðferðar mál þar sem aðili er kærður fyrir refsiverðan verknað.
- d) Að aðila hafi að jafnaði ekki verið vikið af áfangaheimilinu í núverandi afplánun.
- e) Að aðili teljist hæfur til dvalar á áfangaheimilinu.
- f) Að ekki mælist áfengi í öndunarsýni eða ólögleg ávana- eða fíkniefni greinist í þvagprufu aðila sem hann afhendir áður en til vistunar á áfangaheimilinu kemur.

Víkja má frá skilyrðum a) b) og c) liðar ef mjög sérstakar ástæður mæla með því, s.s. ungur aldur fanga, mjög smávægileg agabrot í refsivistinni eða ef mál í refsivörslukerfinu hafa dregist óhóflega og drátturinn er ekki af völdum fangans. Það sama á við ef líklegt er að mál endi með skilorðsbundnum dómi eða sekt.

Víkja má frá skilyrðum d) liðar hafi hegðun aðila verið með ágætum í a.m.k. þrjá mánuði eftir komu í fangelsið á ný, hann þegið viðeigandi meðferð í afplánun og tekist á við vímuefnavanda sinn, hafi hann verið til staðar og að uppfylltum öllum öðrum skilyrðum 4. gr. fyrir vistun á áfangaheimilinu.

#### 5. gr.

Miða skal við að aðili hefji dvöl á Áfangaheimili Verndar á mánudegi eða fimmtudegi kl. 18:00. Ef hámarkstími á Vernd reiknast vera frá:

Þriðjudegi skal vistunartími vera frá mánudeginum á undan.  
Miðvikudegi skal vistunartími vera frá mánudeginum á undan.  
Föstudegi skal vistunartími vera frá fimmtudeginum á undan.  
Laugardegi skal vistunartími vera frá fimmtudeginum á undan.  
Sunnudegi skal vistunartími vera frá fimmtudeginum á undan.

Forsvarsmaður Verndar tekur á móti aðila, kynnir honum húsreglur og vísar til herbergis. Aðila er óheimil útivist alla daga frá kl. 23:00 – 07:00.

Aðila er óheimilt að fara af landi brott meðan á dvöl á Vernd stendur. Geri hann það verður litið á slíkt sem stök úr afplánun.

Aðili sem afplánar refsivist á áfangaheimilinu skal fylgja öllum almennum húsreglum sem þar gilda auk eftirfarandi reglna:

- a) Aðili skal mæta í hús á kvöldverðartíma mánudaga til föstudaga fyrir kl. 18:00 og dvelja þar til kl. 19:00.
- b) Ef aðili sækir ekki vinnu, nám, starfsþjálfun eða meðferð á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum er honum óheimilt að yfirgefa áfangaheimilið nema í samráði við húsvörð og þá í skamman tíma.
- c) Aðila er óheimilt að neyta áfengis, ávana- og fíkniefna meðan hann dvelur á áfangaheimilinu. Jafnframt eru öll lyf óheimil nema þau sem ávísuð eru af lækni á viðkomandi fanga og samþykkt af Vernd.
- d) Aðila er skylt að hlíta fyrir mælum húsvarðar, framkvæmdastjóra Verndar og/eða Fangelsismálastofnunar.
- e) Aðila er skylt að láta í té öndunar- og/eða þvagsýni vegna áfengis- eða vímuefnaeftirlits þegar þess er óskað.

Heimilt er, þegar sérstaklega stendur á, að setja það sem skilyrði að aðili hafi á sér búnað svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans.

Almenn ákvæði laga um fullnustu refsinga og reglugerða settum samkvæmt þeim gilda um afplánun á Áfangaheimili Verndar.

Brot á reglum þessum, húsreglum Verndar svo og kæra fyrir refsiverða hegðun getur leitt til þess að Fangelsismálastofnun ákveði að flytja aðila til áframhaldandi afplánunar í fangelsi.

6. gr.

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins og byggjast á heimild í 3. mgr. 31. gr. sbr. 3. mgr. 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og gildandi samkomulagi milli stofnunarinnar og Félagasamtakanna Verndar á hverjum tíma og öðlast þær þegar gildi.

Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 331/2018 um afplánun á Áfangaheimili Verndar, dags. 14. mars 2018.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 8. apríl 2021.

Páll E. Winkel (sign.)

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2021



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Nr. 571

8. apríl 2021

# Reglur um afplánun undir rafrænu eftirliti

1. gr.

### *Markmið rafræns eftirlits*

Markmið með afplánun undir rafrænu eftirliti er að gefa fanga kost á því að aðlagast samfélaginu smám saman á ný áður en til loka afplánunar kemur. Er úrræðinu ætlað að hafa uppbyggilegt gildi, beina fanga af braut afbrota og minnka kostnað við refsifullnustu.

2. gr.

### *Tímaskilyrði*

Til þess að afplánun undir rafrænu eftirliti komi til álitu skal fangi áður hafa nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga með fullnægjandi hætti en í því felst að fangi sem dæmdur hefur verið í 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi telst hafa nýtt sér úrræði samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um fullnustu refsinga þegar hann hefur afplánað þrjá mánuði með slíkum hætti.

Þegar dæmd refsing er lengri en 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi lengist dvöl samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga um fullnustu refsinga um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 7 mánuðir við 5 ára ára fangelsisrefsingu. Eftir það lengist dvölin um 5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið að hámarki 18 mánuðir þegar dæmd refsing er 10 ára og 6 mánaða fangelsi.

3. gr.

### *Tímalengd undir rafrænu eftirliti*

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi getur afplánun undir rafrænu eftirliti verið 60 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist síðan um 5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 360 dagar hið mesta þegar dæmd refsing er 6 ára fangelsi. Hluti mánaðar reiknast hlutfallslega.

4. gr.

### *Umsókn um afplánun undir rafrænu eftirliti*

Skrifleg umsókn um afplánun undir rafrænu eftirliti skal að jafnaði berast Fangelsismálastofnun um leið og umsókn um dvöl á áfangaheimili Verndar eða öðru sambærilegu úrræði skv. 31. gr. laga um fullnustu refsinga.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um dvalarstað fanga og fyrirhugaða vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem verða liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Þá skal einnig koma fram nafn maka fanga, forráðamanns, nánasta aðstandanda eða húsráðanda sem samþykkir að hann sé í afplánun undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra.

5. gr.

*Vinna, nám, starfsþjálfun, meðferð og önnur verkefni*

Staðfesting vinnuveitanda, skólayfirvalda, meðferðaraðila eða annarra aðila skal liggja fyrir áður en ákvörðun um rafrænt eftirlit er tekin. Þá skal þeim gert ljóst að viðkomandi sé fangi og samþykki þeirra fengið fyrir því að eftirlit verði haft með því að hann stundi vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni á vegum þeirra.

Fanga er óheimilt að yfirgefa þann stað sem samþykktur hefur verið nema með sérstöku leyfi Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún hefur samþykkt. Geri hann það getur það leitt til þess að litið verði á slíkt sem stök úr refsivist.

Fanga er óheimilt að skipta um vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni nema mjög sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þá með samþykki Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún hefur samþykkt.

6. gr.

*Dvalarstaður, samþykki o.fl.*

Áður en ákvörðun um afplánun undir rafrænu eftirliti er tekin skal Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún ákveður gera athugun á tilvonandi dvalarstað fanga, svo sem hvort unnt sé að nýta búnað vegna rafræns eftirlits með fullnægjandi hætti. Þá skal einnig meta hvort dvalarstaður sé til þess fallinn að ná þeim markmiðum sem úrræðinu er ætlað.

Slík athugun skal að jafnaði gerð þremur vikum áður en rafrænt eftirlit hefst og þá skal einnig liggja fyrir skriflegt samþykki maka fanga, forráðamanns, nánasta aðstandanda eða húsráðanda um að fangi sé í afplánun undir rafrænu eftirliti á sameiginlegum dvalarstað þeirra.

Áður en afplánun undir rafrænu eftirliti hefst skal kynna fanga ítarlega þær reglur sem gilda um rafrænt eftirlit.

Afhenda skal fanga skírteini þar sem skilyrði rafræns eftirlits koma fram og samþykkir hann þau með undirritun sinni.

Fanga er óheimilt að fara af landi brott. Geri hann það verður litið á slíkt sem stök úr afplánun.

7. gr.

*Búnaður*

Fangi undir rafrænu eftirliti skal hafa á sér ökklaband svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans. Jafnframt skal hann hafa á sér eigin farsíma.

Fanga er óheimilt að fjarlægja ökklaband af sér. Geri hann það gildir slíkt sem rof á skilyrðum um rafrænt eftirlit. Sama gildir hafi fangi ekki á sér farsíma.

8. gr.

*Eftirlit með fanga undir rafrænu eftirliti*

Eftirlit með fanga undir rafrænu eftirliti er í höndum Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún ákveður. Auk eftirlits með rafrænum búnaði getur eftirlit með fanga falist í heimsókn á dvalarstað hans, vinnustað eða í skóla á hvaða tíma sólarhrings sem er.

Fanga ber að svara öllum hringingum frá fangelsisyrðingum eða öðrum eftirlitsaðilum án undandráttar. Geri hann það ekki getur slíkt talist rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

Fanga er skylt að mæta í viðtal til Fangelsismálastofnunar eða annars aðila sem hún hefur samþykkt, sé þess óskað.

Heimilt er að krefjast þess að fangi undirgangist rannsókn á öndunarsýni og/eða blóð- og þvagranssókn á hvaða tíma sólarhrings sem er. Fangi má eiga von á því að verða boðaður í fangelsi eða á lögreglustöð til að láta í té slík sýni. Synjun fanga á slíkri rannsókn gildir sem rof á skilyrðum rafræns eftirlits.

9. gr.

*Veikindi eða önnur forföll*

Fangi skal ávallt tilkynna Fangelsismálastofnun eða öðrum aðila sem hún hefur samþykkt veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki sótt vinnu, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni sem honum ber að sinna og skila læknisvottorði. Fanga ber að skila læknisvottorði innan viku frá því að veikindi voru fyrst tilkynnt. Heimilt er að krefjast fleiri eða ítarlegri læknisvottorða telji Fangelsismálastofnun þörf á því.

Fanga ber að tilkynna veikindi eða önnur forföll áður en vinna, nám, starfsþjálfun, meðferð eða önnur verkefni eiga að hefjast. Standi veikindi lengur en einn dag skal fangi tilkynna það daglega. Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún samþykkir getur metið hvort tilgreind forföll verða tekin til greina.

Ef fangi getur ekki sinnt vinnu, námi, starfsþjálfun, meðferð eða öðrum verkefnum sem honum ber að sinna á virkum degi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum skal hann vera á dvalarstað sínum á þeim tíma. Í undantekningartilvikum getur Fangelsismálastofnun eða annar aðili sem hún samþykkir heimilað fanga að yfirgefa dvalarstað sinn á þeim tíma til að sinna brýnum erindum.

10. gr.

*Greiðsla skaðabóta*

Krefja má fanga um greiðslu á skaðabótum vegna hvers kyns tjóns á búnaðinum sem hann er ábyrgur fyrir.

11. gr.

*Gildistaka*

Reglur þessar eru settar af Fangelsismálastofnun ríkisins með heimild í 3. mgr. 31. gr. sbr. 3. mgr. 98. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og öðlast þær þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi reglur um aflánun refsingar undir rafrænu eftirliti nr. 601 1. júní 2016.

Fangelsismálastofnun ríkisins, 8. apríl 2021.

Páll E. Winkel (sign.)

B-deild – Útgáfud.: 20. maí 2021